

Allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála Miðannarskýrsla Íslands – fjórða úttekt

Þriðja allsherjarúttektin á stöðu mannréttindamála á Íslandi fór fram 25. janúar 2022. Ísland samþykkti 218 af 230 tilmælum, auk þess sem tvö tilmæli voru samþykkt að hluta (A/HRC/50/7/Add.1).

Ísland leggur mikla áherslu á mannréttindi og telur allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála (UPR) mikilvægan þátt í að styðja við og auka vernd mannréttinda í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur því tekið virkan þátt í UPR-ferlinu frá upphafi.

Frá árinu 2017 hefur verið starfandi sérstakur stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi, með fulltrúum allra ráðuneyta. Hópurinn er formlegur samráðs- og samstarfsvettvangur ráðuneyta um mannréttindamál. Eitt af meginhlutverkum hópsins er að undirbúa UPR-ferlið og fylgja eftir þeim tilmælum sem íslenska ríkið samþykkir. Í þeim tilgangi að auka yfirsýn yfir tilmælin og framkvæmd þeirra ákvað hópurinn að vinna þessa miðannarskýrslu, sem nær til tímabilsins janúar 2022 til apríl 2025. Hópurinn hefur einnig unnið sérstakt mælaborð um stöðu tilmælanna, sem er birt á vef Stjórnarráðsins.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi leggur áherslu á reglulegt samráð við hagsmunaaðila og hefur reglulega fundað með Mannréttindaskrifstofu Íslands. Í tengslum við skrif á þessari miðannarskýrslu var haldinn samráðsfundur með ýmsum hagsmunaaðilum 8. maí 2025, þar sem m.a. var farið yfir drög að skýrslunni og stöðu tilmæla. Drög að skýrslunni voru einnig kynnt í samráðsgátt stjórnvalda frá 26. maí til 9. júní 2025, þar sem öllum gafst kostur á að koma með athugasemdir. Vonast er til þess að miðannarskýrslan verði einnig góður grunnur að frekara samráði í tengslum við fjórðu allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála á Íslandi sem fer fram 2026 til 2027.

Í þessari skýrslu má finna yfirlit yfir öll þau tilmæli sem íslenska ríkið samþykkti í síðustu úttekt og upplýsingar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til til að bregðast við þeim.

Nr.	Tilmæli	Land	Eftirfylgni 2025
121.1 (a)	Stuðla að tafarlausri fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum.	Úrúgvæ	Fullgilding alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum er til skoðunar í dómsmálaráðuneyti.
121.2	Íhuga fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum ásamt valfrjálsri bókun við samning um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið	Belgía	Hvað viðkemur fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum vísast til umfjöllunar við tilmæli 121.1 (a). Varðandi fullgildingu á valfrjálsri bókun við samninginn um réttindi barnsins vísast til umfjöllunar við tilmæli 121.18.
121.3	Fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum, sem undirritaður var í október árið 2008, ásamt valfrjálsri bókun við samninginn gegn pyndingum, sem undirritaður var í september 2003	Frakkland	Hvað viðkemur fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum vísast til umfjöllunar við tilmæli 121.1 (a). Ísland undirritaði valfrjálsu bókunina við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu árið 2003 og fullgilti hana árið 2019. Í bókuninni er kveðið á um sérstakt eftirlit innan hvers aðildarríkis með því hvort og þá hvernig réttindi frelsissviptra einstaklinga eru virt. Umboðsmaður Alþingis gegnir hlutverki eftirlitsaðila á grundvelli bókunarinnar hér á landi.
121.4 (a)	Fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi fatlaðs fólks.	Bólivíska lýðveldið Venesúela	Stefnt er að því að fullgilda valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og undirbúningur þess er hafinn.
121.5	Herða viðleitni til að fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið og alþjóðasamninginn um vernd	Albanía	Hvað viðkemur fullgildingu á valfrjálsri bókun við samninginn um réttindi barnsins vísast til umfjöllunar við tilmæli 121.18.

	allra manna gegn mannshvörfum af mannavöldum		Varðandi fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannshvörfum af mannavöldum vísast til umfjöllunar við tilmæli 121.1 (a).
121.6	Gerast aðili að alþjóðlegum mannréttindasamningum sem það er ekki aðili að, þ. á m. samningnum um réttindi barnsins og alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi	Líbía	Íslenska ríkið hefur á undanförunum áratugum gerst aðili að fjölmörgum alþjóðlegum mannréttindasamningum. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1992. Texti samningsins var síðar lögfestur í heild sinni árið 2013 með lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013. Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1979.
121.7	Fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannshvörfum af mannavöldum; fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannshvörfum af mannavöldum eins snemma og unnt er	Argentína, Japan	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.1 (a).
121.8	Flýta fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannshvörfum af mannavöldum	Mexíkó, Mongólía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.1 (a).
121.9	Halda áfram vinnu við fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannshvörfum af mannavöldum	Víetnam	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.1 (a).
121.10	Ljúka ferlinu við að fullgilda alþjóðasamninginn um vernd	Ítalía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.1 (a).

	allra manna gegn mannshvörfum af mannavöldum, sem var undirritaður árið 2008		
121.11	Fullgilda alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannshvörfum af mannavöldum og jafnframt halda áfram viðleitni til að bæta umönnun við fötluð börn	Grikkland	Varðandi fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd allra manna gegn mannshvörfum af mannavöldum vísast til umfjöllunar við tilmæli 121.1 (a). Í íslenskum lögum má finna ýmis ákvæði sem miða að því að tryggja fötluðum börnum þá umönnun og þjónustu sem þau þurfa. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir skal tryggja að fötluð börn fái nauðsynlega þjónustu svo þau geti notið mannréttinda og mannhelgi til jafns við önnur börn, lifað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Þá skulu fötluð börn hafa raunverulegan aðgang að og njóta menntunar, þjálfunar, starfsundirbúnings og tómstunda. Einnig má nefna að umönnunarbætur eru greiddar til foreldra fatlaðra barna. Í landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fyrir árin 2024 til 2027 má finna aðgerðir sem miða að því að bæta þjónustu við fötluð börn, þar á meðal aðgerð um styttri bið eftir þjónustumati. Í mars 2025 var undirritað samkomulag ríkisins við Samband íslenskra sveitarfélaga um breytta ábyrgðarskiptingu í málefnum barna með fjölþættan vanda. Í samkomulaginu felst að ríkið tekur að sér framkvæmd og ber ábyrgð á fjármögnun sérhæfðrar þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem búsett eru utan heimilis. Fyrirkomulag og innihald þjónustu við börn með fjölþættan vanda hefur lengi verið umfjöllunarefni í samskiptum ríkis

			og sveitarfélaga og er breytt ábyrgðaskipting í samræmi við tillögur starfshóps sem birtar voru í áfangaskýrslu í september 2023. Börnin sem um ræðir hafa miklar stuðningsþarfir og þarfnast meðal annars vistunar utan heimilis þar sem veitt er meðferð vegna vanda barns.
121.18	Fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið	Króatía, Kýpur, Maldívur, Slóvakía	Fullgilding valfrjálsrar bókunar við barnasáttmálann er til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu.
121.19	Hlíta valfrjálsu bókuninni við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið	Ítalía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.18.
121.20	Flýta fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið í samræmi við nýlega skuldbindingu sem samþykkt var á Alþingi	Írland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.18.
121.21	Fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi fatlaðs fólks	Ástralía, Kosta Ríka, Kýpur, Litáen, Slóvakía, Namibía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.4 (a).
121.22	Íhuga að fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi fatlaðs fólks	Malta, Vietnam	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.4 (a).
121.23	Fullgilda valfrjálsa bókun við samninginn um réttindi fatlaðs fólks og setja fram áætlanir til að berjast gegn mismunun og ofbeldi gegn fötluðu fólki	Mexíkó	Varðandi fullgildingu valfrjálsrar bókunar við samninginn um réttindi fatlaðs fólks vísast til umfjöllunar við tilmæli 121.4 (a). Varðandi vernd gegn mismunun og ofbeldi gegn fötluðu fólki má benda á að í lögum um jafna meðferð á

			vinnumarkaði nr. 86/2018 og lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018 er hvers kyns mismunur á öllum sviðum samfélagsins, þ. á m. á vinnumarkaði, hvort heldur sem bein eða óbein, óheimil. Neitun um viðeigandi aðlögun telst einnig til mismununar á grundvelli laganna. Hægt er að kæra hvers kyns mismunur til kærunefndar Jafnréttismála. Í landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fyrir árin 2024 til 2027 má finna fjölmargar aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir mismunur gegn fötluðu fólki. Þar er einnig að finna aðgerð sem miðar að því að auka vernd fatlaðs fólks og sérstaklega fatlaðra kvenna og kvára gegn ofbeldi. Útfærsla aðgerðarinnar liggur fyrir og nú er unnið að mati á því hvort nauðsynlegt sé að gera laga-og/eða reglugerðarbreytingar til að auka vernd fatlaðs fólks gegn ofbeldi.
121.26	Fullgilda samninginn um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga og samninginn um að draga úr ríkisfangsleysi	Tógó	Árið 2021 fullgilti Ísland samning um réttarstöðu ríkisfangslausra einstaklinga frá árinu 1954 og samning um að draga úr ríkisfangsleysi frá árinu 1961. Til að undirbúa fullgildinguna voru gerðar ýmsar lagabreytingar til að samræma íslenska löggjöf við ákvæði samninganna. Með lagabreytingunum voru tryggð úrræði þar sem umsækjendur um alþjóðlega vernd sem ekki uppfylla skilyrði alþjóðlegrar verndar en uppfylla skilyrði um ríkisfangsleysi eiga sjálfstæðan rétt á alþjóðlegri vernd, þar á meðal börn. Í kjölfar veitingar alþjóðlegrar verndar getur ríkisfangslaus einstaklingur sótt um íslenskan ríkisborgararétt að því gefnu að hann uppfylli önnur lagaskilyrði um veitingu ríkisborgararéttar.

121.27	Undirrita yfirlýsinguna um aðgerðir í þágu barna, ungmenna og loftslagsmála, draga úr allri notkun jarðefnaeldsneytis og halda áfram umskiptum yfir í endurnýjanlega orku, og tryggja að framkvæmdin samræmist mannréttindum	Panama	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra undirritaði yfirlýsingu um aðgerðir í þágu barna, ungmenna og loftslagsmála 16. nóvember 2024. Ísland hefur bundið í lög markmið um kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040 og leggur áherslu á orkuskipti í sinni stefnumótun og þróun og eflingu slíkra lausna utan landsteinanna. Réttlát umskipti er annar málaflokkur sem stjórnvöld hafa í huga og er undirbúningur að stefnumótun hafinn, t.d. með samþættingu í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
121.28	Fullgilda samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúl-samningurinn)	Argentína	Istanbúl-samningurinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 2018.
121.29	Tryggja opið ferli byggt á verðleikum þegar innlendir frambjóðendur vegna kjörs í sérfræðinganefndir vegna samninga Sameinuðu þjóðanna eru valdir	Sameinaða konungs- ríkið Stóra- Bretland og Norður- Írland	Engin framboð til sérfræðinganefnda vegna samninga Sameinuðu þjóðanna eru sem stendur. Ef til þess kæmi verður horft til þess að hafa hæfnismiðað ferli við val á fulltrúum.
121.30	Halda áfram uppbyggilegum samskiptum við mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna, þ. á m. Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna	Úsbekistan	Nýr rammasamningur hefur verið gerður við skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) sem gildir frá 2024 og til loka ársins 2028. Kjarnaframlög til OHCHR verða hækkuð úr 30 m.kr. í 80 m.kr. á ári og áfram verður veitt 15 m.kr. framlag til þriggja valinna sjóða stofnunarinnar sem tengjast jafningjarýni og hinsegin réttindum, þ.e. (1) UN Free & Equal sem styður við baráttuna fyrir hinsegin réttindum, (2) ferðasjóður OHCHR sem aðstoðar þróunarriki við að

			sækja allsherjarúttekt mannréttindaráðsins (UPR) (e. Voluntary Fund for Participation in the Universal Periodic Review UPRVF on Participation), (3) sjóður OHCHR sem aðstoðar þróunarriki að innleiða tilmælin sem þau fá á þeim vettvangi (e. Voluntary Fund for Financial and Technical Assistance in the Implementation of the Universal Periodic Review (UPRVF on Implementation). Rammasamningur hljóðar því upp á samtals 475 m.kr. næstu fimm árin. Þá leiðir Ísland ályktun um styrkingu mannréttindanefnda Sameinuðu þjóðanna í Genf í þriðju nefnd allsherjarþings um mannréttindamál og er í góðu samstarfi við skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna um ályktunina sem miðar að því að styrkja starf mannréttindanefndanna í því augnamiði að gera þær skilvirkari.
121.31	Taka til athugunar að innleiða útistandandi tilmæli frá fyrra úttektartímabili	Sambands- lýðveldið Tansanía	Stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi hefur það hlutverk að fylgja á eftir tilmælum sem Ísland samþykkir í allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála (UPR). Einnig hefur verið sett um mælaborð um stöðu tilmæla á vef Stjórnarráðsins, sem er liður í að fylgja því eftir að tilmælunum verði komið í framkvæmd.
121.32	Miðla á alþjóðlegum vettvangi góðum starfsvenjum varðandi jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf og veita þróunarlöndum tæknilega aðstoð við að fylgja sams konar kerfi	Kosta Ríka	Að tillögu Íslands samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun árið 2019 um að haldinn skyldi alþjóðlegur jafnlaunadagur 18. september ár hvert. Markmið alþjóðadagsins er að vekja athygli á aðgerðum sem ráðist hefur verið í og stuðla að jöfnum launum, og hvetja til frekari aðgerða til að ná markmiði um jöfn laun kvenna og karla fyrir sambærileg störf sem áttunda Heimsmarkmið SP tekur sérstaklega til. Ísland hefur haldið málstofur í samvinnu við OECD á alþjóðlega jafnlaunadeginum þar sem reynsla af jafnlaunavottuninni hefur meðal annars verið til umfjöllunar.

			Ísland hefur tekið sæti í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2025 til 2027 og er eitt áherslumál setunnar að vinna að markmiði um jöfn laun kvenna og karla fyrir sambærileg störf.
121.33	Gera þjóðlegan eða þjóðernislegan uppruna að mismununarástæðu í viðeigandi löggjöf með það í huga að veita viðkvæmum hópum viðtæka vernd	Aserbaísjan	Samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar (sjá nánar í umfjöllun um tilmæli 121.34) er hvers kyns mismunur á grundvelli þjóðlegs og þjóðernislegs uppruna óheimil. Árið 2022 var almennum hegningarlögum breytt og bætt við ákvæði um hatusglæpi, en nú er m.a. tekið fram að það leiði til refsipýngingar ef brot má rekja til þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, sbr. 70. gr. Þá var orðalagi 233. gr. a. um hatusorðræðu breytt og skýrt að þjóðlegur uppruni (e. ethnic origin) falli ótvírætt undir ákvæðið. Sjá einnig umfjöllun við tilmæli 121.34 um breytingar sama ár á 180. gr. almennra hegningarlaga.
121.34	Halda áfram að semja, samþykkja og innleiða viðtæka löggjöf gegn mismunun	Barbados	Íslensk jafnréttislöggjöf tryggir með heildstæðum hætti bann við mismunun. Fjallað er um stjórnsýslu jafnréttismála í sérstökum lögum nr. 151/2020, sem gilda þvert á þrjá lagabálka; lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Jafnréttisstofa ber ábyrgð á framkvæmd fyrrnefndra laga og hefur gripið til ráðstafana til að tryggja þekkingu almennings á löggjöfinni, þar á meðal með því að gefa út veggspjöld um lögin. Árið 2022 var ákvæði 180. gr. almennra hegningarlaga rýmkað og kemur nú fram að refsivert sé fyrir aðila í atvinnurekstri eða þjónustustarfsemi að neita einstaklingi

			um vöru eða þjónustu til jafns við aðra á grundvelli þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna hans, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar eða kynvitundar.
121.35	Gera skilvirkar laga- og stjórnsýsluráðstafanir til að berjast gegn kynþáttamismunun	Kína	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.33 og 121.34. Til að styðja við þekkingu hvað varðar stöðu kynþáttamismununar hefur Þróunarsjóður innflytjendamála styrkt ólík rannsóknarverkefni sl. tvö ár sem leggja grunn að þekkingu um ólíka þætti mismununar og stöðuna á Íslandi. Má þar nefna rannsóknarverkefni eins og <i>Examining race, racism and Whiteness in Icelandic educational materials</i> , <i>The inclusion of Muslim immigrant women to the Icelandic labour market: tailwinds and hindrances</i> , <i>Immigrant residential segregation in the capital city region</i> , <i>Financial inclusion of immigrants in Iceland</i> og rannsókn á jaðarsetningu ungra innflytjenda á Íslandi þar sem skoðaðir eru fordómar, haturstjáning og ofbeldi sem ungir innflytjendur á Íslandi kunna að verða fyrir.
121.36	Leggja mat á endurbætur á hegningarlögum þannig að kynþáttafordómar teljist auka saknæmi og leiði til refsipýngingar vegna brota	Perú	Árið 2022 var nýju ákvæði um hatursglæpi bætt við almenn hegningarlög. Í 10. tölul. 1. mgr. 70. gr. kemur nú fram að það skuli hafa áhrif til refsipýngingar ef brot megi rekja til þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar, kynvitundar eða annarra sambærilegra þátta.
121.37	Kynþáttafordómar verði taldir auka saknæmi og leiða til refsipýngingar í íslenskum hegningarlögum og réttarfari, í ljósi aukinnar hatusorðræðu	Spánn	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.36.

121.38	Endurskoða löggjöf til að útrýma öllum tegundum kynþáttamismununar	Sýrlenska araba-lýðveldið	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.33, 121.34 og 121.35.
121.39	Setja lagaákvæði sem kveður á um sérstaklega að kynþáttafordómar auki saknæmi og leiði til refsipýngingar	Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.36.
121.40	Íhuga breytingar á almennum hegningarlögum þannig að kynþáttafordómar að baki broti teljist auka saknæmi og leiða til refsipýngingar	Albanía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.36.
121.41	Taka upp í almenn hegningarlög að þjóðlegur eða þjóðernislegur uppruni geti talist mismununarástæða	Filippseyjar	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.33 og 121.36.
121.42	Flokka kynþáttafordóma sem ástæðu sem eykur saknæmi og leiðir til refsipýngingar vegna brots	Bólívarska lýðveldið Venesúela	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.36.
121.43	Endurskoða ákvæði almennra hegningarlaga sem fjalla um brot þar sem kynþáttafordómar eru hvatinn	Tyrkland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.36.
121.44	Breyta almennum hegningarlögum svo þjóðlegur uppruni, þjóðernislegur uppruni og trú verði mismununarástæður í samræmi við alþjóðasamninginn um afnám alls kynþáttamisréttis	Pakistan	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.33 og 121.36. Ákvæði jafnréttislöggjafar og almennra hegningarlaga um bann við mismunun eiga við um mismunun vegna trúarbragða, rétt eins og mismunun vegna þjóðlegs eða þjóðernislegs uppruna.

121.45	Láta vernd hatursorðræðulaga taka sérstaklega til brota gegn hinsegin einstaklingum á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar	Bandaríki Ameríku	Ákvæði 233. gr. a. almennra hegningarlaga hefur veitt vernd gegn hatursorðræðu á grundvelli kynhneigðar frá árinu 1996 og kynvitundar frá árinu 2014. Árið 2022 var ákvæðið rýmkað og nær það nú einnig til hatursorðræðu á grundvelli kyneinkenna.
121.46	Berjast gegn kynþáttamismunun, þ. á m. hatursglæpum þar sem kynþáttahatur er kveikjan með því að breyta innlendum lögum og tryggja skilvirka rannsókn og saksókn allra slíkra mála og að gerendur séu látnir sæta ábyrgð	Pakistan	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.33. og 121.34. Hatursglæpir eru rannsakaðir hjá lögreglu. Lögreglan og ríkissaksóknari hafa í samstarfi við ODIRH/OSCE staðið fyrir námskeiði til að þjálfa lögreglumenn og ákærendur í hatursglæpum, svokölluð TAHCLE og PAHCHT þjálfun. Um er að ræða „train the trainer“ fyrirkomulag, þ.e. þeir sem hljóta þjálfunina munu geta þjálfað aðra samstarfsmenn.
121.47	Útvíkka lögin um jafna meðferð sem einnig ættu að ná yfir mismununarástæður á borð við trú, fötlun, aldur, kynhneigð og kynvitund	Slóvenía	Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018, giltu í fyrstu aðeins um jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna. Árið 2022 var lögunum breytt og mismununarþáttunum trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu bætt við. Lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði tryggja því nú saman heildstæða vernd gegn mismunun á öllum sviðum samfélagsins.
121.48	Taka samninginn um réttindi fatlaðs fólks upp í innlenda löggjöf með því að gera breytingar á viðeigandi lögum og færa löggjöf sína til samræmis við samninginn	Íslamska lýðveldið Íran	Alþingi samþykkti í mars 2024 Landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem nær til áranna 2024-2027. Þar má finna fjölmargar aðgerðir sem miða að því að koma samningnum betur í framkvæmd og tryggja að fatlað fólk geti notið mannréttindi og mannfrelsis til fulls og til jafns við annað fólk.

			Stefnt er að lögfestingu samningsins í heild sinni og var frumvarp þess efnis lagt fram á Alþingi vorið 2025.
121.49	Efna til öflugs samráðs við trúarhópa og borgaralegt samfélag þegar lög og stefnur sem geta haft áhrif á trúarhætti eru mótaðar	Bandaríki Ameríku	Árið 2018 var opnuð sérstök Samráðsgátt stjórnvalda, en markmið er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila, þ.m.t. trúfélaga og borgarasamfélagsins, á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Þar er á einum stað hægt að finna öll mál ráðuneyta sem birt hafa verið til samráðs við almenning. Öllum er frjálst að senda inn umsögn eða ábendingu. Auk samráðs í gegnum Samráðsgátt er leitast við að tryggja samráð við hagsmunaaðila þegar lög og stefnur eru mótaðar, svo sem með þátttöku þeirra í starfshópum, ósk um umsagnir eða fundi o.s.frv.
121.50	Gera breytingar á kosningakerfinu í samræmi við tilmæli lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu	Belarús	Árið 2022 tóku gildi ný heildarlög um kosningar á Íslandi. Við undirbúning og samningu þeirra var meðal annars litið til ábendinga sem borist höfðu frá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, til að mynda varðandi stjórnsýslu kosningamála.
121.51	Stuðla að gerð fjölmiðlaefnis sem endurspeglar fjölhyggju í meira mæli í því skyni að styrkja lýðræðisleg skoðanaskipti	Danmörk	Í gildi er stuðningur við einkarekna fjölmiðla sbr. ákvæði X. kafla B fjölmiðlalaga nr. 38/2011. Markmið stuðningsins er að styrkja með fyrirsjáanlegum hætti lýðræðishlutverk fjölmiðla með því að styðja og efla ritstjórnir á einkareknum fréttu- og dagskrármiðlum. Með stuðningnum er fjölmiðlunum gert betur kleift að sinna hlutverki sínu. Fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem annast eftirlit samkvæmt lögum um fjölmiðla, en henni ber m.a. að stuðla að því að markmiðum og tilgangi laganna sé náð. Henni er m.a. ætlað að efla fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölraði í fjölmiðlum, auk þess að standa vörð um tjáningarfrelsi og rétt almennings til upplýsinga.

121.52	Leitast áfram við að vernda mannréttindi	Níger	Íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á vernd mannréttinda. Frá árinu 2017 hefur verið starfandi sérstakur stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi, með fulltrúum allra ráðuneyta. Stýrihópurinn er formlegur samráðsvettvangur sem þjónar því markmiði að tryggja stöðugleika í verklagi og fasta aðkomu allra ráðuneyta að mannréttindamálum. Í maí 2025 tóksjálfstæð mannréttindastofnun, Mannréttindastofnun Íslands, til starfa. Hlutverk hennar er að efla og vernda mannréttindi á Íslandi, sbr. lög nr. 88/2024.
121.53	Huga að gerð innlendar mannréttindaáætlunar	Litáen	Á árinu 2023 var unnin grænbók um mannréttindi. Í grænbókinni var lagt mat á stöðu mannréttindamála á Íslandi þar sem safnað var á einn stað upplýsingum um mannréttindi og dregin saman helstu viðfangsefni næstu ára í málaflokknum með það að markmiðið að marka árangurstíka stefnu og aðgerðir til næstu ára.
121.54	Vinna að þróun og samþykkt víðtækrar aðgerðaáætlunar um mannréttindi til að auka festu við framkvæmd tengdra stefna og áætlana	Armenía	Sjá umfjöllun um tilmæli 121.53.
121.55	Gera frekari ráðstafanir til að tryggja samþykkt víðtækrar innlendar mannréttindaáætlunar	Georgía	Sjá umfjöllun um tilmæli 121.53.
121.56	Stofna innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin	Bólívarska lýðveldið Venesúela, Líbanon, Ástralía, Slóvenía, Mongólía	Vorið 2024 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands og stofnunin tók formlega til starfa 1. maí 2025 Mannréttindastofnun Íslands er sjálfstæð og heyrir undir Alþingi. Meginhlutverk hennar er að efla og vernda mannréttindi á Íslandi. Stofnunin sinnir hlutverkum sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar (e. National Human Rights Institution) hér á landi og starfar í samræmi við viðmiðunarreglur Sameinuðu

			þjóðanna um mannréttindastofnanir eða svokölluð Parísarviðmið.
121.57	Stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin	Katar, Senegal	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.58	Stofna innlenda mannréttindastofnun og tryggja að hún sé í samræmi við Parísarviðmiðin og gæta þess að hún sé fyllilega sjálfstæð	Egyptaland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.59	Stofna innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin í framhaldi af yfirlýsingu þess efnis af hálfu íslenskra stjórnvalda	Þýskaland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.60	Stofna innlenda mannréttindastofnun með viðtækt umboð til verndar mannréttindum, þ. á m. þeirra sem tilheyra þjóðernislegum eða trúarlegum minnihluta og eru úr hópi innflytjenda	Aserbaísjan	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56. Mannréttindastofnun Íslands hefur það meginhlutverk að efla og vernda mannréttindi á Íslandi, eins og þau eru skilgreind í stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum. Í því felst m.a. vernd réttinda þeirra sem tilheyra þjóðernislegum eða trúarlegum minnihluta og eru úr hópi innflytjenda.
121.61	Stofna innlenda mannréttindastofnun með nægilegt bolmagn til að sinna verkefnum sínum og í samræmi við Parísarviðmiðin	Kosta Ríka	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56. Mannréttindastofnun Íslands tók til starfa 1. maí 2025 og hefur verið að fullu fjármögnuð.
121.62	Stofna innlenda mannréttindastofnun og byggja á	Írland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.

	fyrri viðleitni stjórnvalda hvað það varðar		
121.63	Stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun með viðtækt umboð til að efla og vernda mannréttindi	Máritíus	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.60.
121.64	Stofna innlenda mannréttindastofnun eins fljótt og hægt er og nýta jafnframt fyrirbyggjandi kunnáttu og sérfræðipækkingu	Holland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56. Við skrif á frumvarpi og annan undirbúning að stofnun Mannréttindastofnunar Íslands var reglulegt og viðtækt samráð haft við Mannréttindaskrifstofu Íslands, sem starfaði áður sem nokkurs konar ígildi sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar á Íslandi. Var fyrirbyggjandi kunnáttu og sérþekking því nýtt í því ferli.
121.65	Stofna innlenda mannréttindastofnun í samræmi við tilmælin frá öðru úttektartímabili reglubundnu allsherjarúttektarinnar	Tyrkland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.66	Stofna innlenda mannréttindastofnun	Argentínu	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.67	Setja upp innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin	Níger	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.68	Setja upp sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun með lárétt umboð og nauðsynlegt bolmagn til að gera henni kleift að efla og vernda mannréttindi í samræmi við Parísarviðmiðin	Lúxemborg	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.61.
121.69	Setja upp innlenda mannréttindastofnun með fullt	Rússneska sambandsríkið	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.

	stofnanalegt sjálfstæði og skilvirkar starfsaðferðir		
121.70	Huga að stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin	Indland, Nepal	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.71	Huga að stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindanefndar og nýta reynslu Mannréttindaskrifstofu Íslands	Alsír	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.64.
121.72	Huga að stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar með viðtækt umboð og í samræmi við Parísarviðmiðin	Frakkland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.60.
121.73	Huga að stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar með nægilegan mannauð og fjármagn til að rækja umboð sitt	Pólland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.61.
121.74	Hraða stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin	Mexíkó, Úkraína	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.75	Efla viðleitni til að stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin; efla vinnu við stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin; halda áfram viðleitni til að stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun; halda áfram viðleitni sem miðar að stofnun sjálfstæðrar innlendar	Georgía, Svartfjallaland, Pakistan, Írak	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.

	mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin		
121.76	Gera ráðstafanir sem miða að því að stofna sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun í samræmi við Parísarviðmiðin	Bangladess	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.77	Gera ráðstafanir til að stofna innlenda mannréttindastofnun sem er í samræmi við Parísarviðmiðin, sem mun styrkja framkvæmd tengdra stefna og áætlana og nýta bolmagn fyrirbyggjandi systurstofnana á sviði mannréttinda á Íslandi	Kanada	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.64.
121.78	Miða áfram vinnu við stofnun innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin með umboð til að efla og vernda mannréttindi	Chile	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.79	Hraða þeirri viðleitni að stofna innlenda mannréttindastofnun, tryggja fjárhagslegt sjálfræði hennar og fullt stofnanalegt sjálfstæði til að sinna ábyrgðarsviði sínu og hlutverki	Dóminíka	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.80	Herða nauðsynlegt ferli innanlands til að stofna innlenda mannréttindastofnun í samræmi við viðeigandi Parísarviðmið	Grikkland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.81	Hraða ferlinu við stofnun sjálfstæðrar innlendar	Djibútí	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.

	mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin		
121.82	Hraða stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar með víðtækt umboð og í samræmi við Parísarviðmiðin	Ekvador	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.83	Gera frekari ráðstafanir sem miða að því að stofna innlenda mannréttindastofnun sem er í fullu samræmi við Parísarviðmiðin, með mögulegu tvíhliða og alþjóðlegu samstarfi	Indónesía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.84	Vinna að stofnun sjálfstæðrar innlendar stofnunar sem fæst við eflingu og vernd mannréttinda og tryggja henni nauðsynlegt bolmagn	Jórdanía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.61.
121.85	Vinna að markmiðinu um stofnun sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar í samræmi við Parísarviðmiðin	Malasía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.86	Gera markvissar aðgerðir til að stofna innlenda mannréttindastofnun sem er í fullu samræmi við Parísarviðmiðin	Filippseyjar	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.87	Ljúka ferlinu við stofnun innlendar mannréttindastofnunar á grundvelli Parísarviðmiðanna og samþykkt víðtækrar innlendar mannréttindaáætlunar	Portúgal	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.53.
121.88	Láta verða af stofnun fjárhagslega sjálfstæðrar og að	Tógó	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.61.

	fullu stofnanalega sjálfstæðrar innlendarar mannréttindastofnunar sem er fær um að rækja ábyrgðarhlutverk og starf sitt af skilvirkni		
121.89	Halda áfram viðleitni til huga að stofnun innlendarar mannréttindastofnunar innan ramma vinnuhópsins sem var stofnaður í þessum tilgangi	Túnis	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.90	Endurbæta stýrihóp Stjórnarráðsins um mannréttindi svo hann sé í fullu samræmi við Parísarviðmiðin og öll mannréttindamál falli innan verksviðs hans	Litáen	Stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi er formlegur samstarfs- og samráðsvettvangur ráðuneyta um mannréttindamál. Hann uppfyllir því ekki Parísarviðmiðin. Í maí 2025 tók sjálfstæð innlend mannréttindastofnun til starfa á Íslandi, sem uppfyllir Parísarviðmiðin, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.91	Setja lagaramma svo Mannréttindaskrifstofa Íslands uppfylli Parísarviðmiðin	Slóvakía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.56 og 121.64.
121.92	Halda áfram viðleitni til að berjast gegn mismunun, kynþáttafordómum og hatursorðræðu	Alsír	Á Íslandi er í gildi heildstæð löggjöf um bann við mismunun, sjá umfjöllun við tilmæli 121.34. Árið 2022 var almennum hegningarlögum breytt þannig að hatursorðræðuákvæði 233. gr. a. tæki til fleiri mismununarþátta. Tekur ákvæðið nú til hatursorðræðu á grundvelli þjóðernisuppruna eða þjóðlegs uppruna, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kyneinkenna, kynhneigðar og kynvitundar. Á sama tíma var ákvæði 180. gr. um neitun á vöru og þjónustu rýmkað, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.34. Loks

			var bætt við sérstöku ákvæði um hatursglæpi, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.36. Tilmæli Evrópuráðsins um hatursorðræðu hafa verið þýdd og birt opinberlega, til þess að hægt verði að nýta þau til fræðslu t.d. í skólum, hjá sveitarfélögum og frjálsum félagasamtökum. Mennta- og barnamálaráðuneytið og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu opnuðu í febrúar 2023 nýjan vef „Saman gegn fordómum“. Hlutverk hans er að fræða og vekja athygli á fordómum og hatursorðræðu í samfélaginu. Á vefnum má finna fræðsluefni um mismunandi tegundir fordóma og hatursorðræðu. Þar eru einnig leiðbeiningar um hvernig einstaklingar geta brugðist við þegar þeir verða vitni að eða verða fyrir slíkri hegðun. Með þessu er stefnt að því að efla færni til að takast á við fordóma í daglegu lífi. Stjórnvöld auglýstu eftir verkefnum í gegnum Þróunarsjóð innflytjendamála árið 2023 og 2024 sem vinna gegn fordómum, haturstjáningu og ofbeldi. Úthlutað var til 11 verkefna á tímabilinu og komu þau til framkvæmda frá árslokum 2023 út árið 2025.
121.93	Berjast gegn hatursorðræðu á vettvangi almennra fjölmiðla og samfélagsmiðla	Írak	Ákvæði 27. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 um bann við hatursáróðri og hvatningu til refsiverðar háttsemi var breytt árið 2024 og verndin styrkt. Fleiri hópar falla nú undir ákvæðið, auk þess sem verknaðarlýsing var rýmkuð þegar orðalagið „með markvissum hætti“ var tekið út. Með breytingunni var fjölmiðlanefnd einnig gert heimilt að leggja á stjórnvaldssekt ef fjölmiðlaveitur eða mynddeiliveitur brjóta gegn ákvæðinu sbr. 54. gr. fjölmiðlalaga.

121.94	Halda áfram viðleitni til að berjast gegn hatursorðræðu, einkum ef hún beinist gegn þjóðernis- og trúarhópum og útlendingum sem aðhyllast íslamstrú	Perú	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.46 um þjálfun lögreglumanna og ákærenda. Ákvæði almennra hegningarlaga um hatursorðræðu ná til orðræðu sem beinist gegn þjóðernislegum eða þjóðlegum uppruna og trúarbrögðum, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.33 og 121.34.
121.95	Halda áfram ráðstöfunum til að útrýma hatursorðræðu og staðalímyndum, eins og ráðgert er í innlendum áætlunum um baráttu gegn kynþáttafordómum, hliðstæðum birtingarmyndum óvildar og hatursglæpum	Dóminíka	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.92. Aukin áhersla hefur verið lögð á vitundarvakningu um hatursorðræðu. Árið 2022 hélt forsætisráðherra opinn samráðsfund um hatursorðræðu, auk þess sem haldnir voru samráðfundir með á þriðja tug hagsmunasamtaka og sérfræðinga Árið 2024 stóð Jafnréttisstofa fyrir herferðinni „Orðin okkar“ sem miðar að því að stuðla að auknu jafnrétti í íslensku samfélagi og berjast gegn hatursorðræðu og rótum hennar. Á sama tíma var opnað sérstakt vefsvæði, þar sem finna má upplýsingar um hatursorðræðu, lagaumhverfi hennar og hvernig bregðast megi við henni. Jafnréttisstofa hefur einnig staðið fyrir reglulegri vitundarvakningu um örارةitni. Auk þess hefur hún reglulega staðið fyrir herferðum undir merkjum „Meinlaust?“ sem miða að því að vekja athygli á stöðu ólíkra jaðarsettra hópa og því áreiti sem þeir verða fyrir.
121.96	Gera allar ráðstafanir til að fyrirbyggja hatursorðræðu og allar birtingarmyndir mismununar, einkum á grundvelli kynþáttar, litarhafts, trúar og kyns	Líbía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.92, 121.94 og 121.95.

121.97	Tryggja aðgengi að skilvirkum úrræðum gegn hvers konar birtingarmyndum mismununar til að vernda viðkvæma hópa gegn hatursorðræðu og öðrum hatursglæpum	Barein	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.46, 121.108, 121.110 og 121.112. Neyðarlínan heldur úti vefsvæði þar sem hægt er að sjá yfirlit yfir öll helstu úrræði sem standa þolendum til boða, þ. á m. ráðgjafabjónustu fyrir innflytjendur. Þá er lögreglu skylt að tilnefna réttargæslumann ef brotþoli óskar þess og rannsókn máls beinist að kynferðisbroti.
121.98	Efla ráðstafanir til að berjast gegn öllum birtingarmyndum mismununar, einkum kynþáttafordómum, með sérstakri áherslu á baráttu gegn hatursorðræðu og orðræðu sem litast af kynþáttafordómum og útlendingahatri	Djibútí	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.92 og 121.95.
121.99	Stórauka viðleitni til að berjast gegn kynþáttafordómum og hatursglæpum sem eru af þjóðernislegum og trúarlegum hvötum og tryggja að þeir séu rannsakaðir af skilvirkni og viðeigandi leiðir til málsóknar og úrbóta standi öllum þolendum til boða	Katar	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.92. Sjá einnig umfjöllun við tilmæli 121.46, um námskeið til að þjálfra lögreglumenn og ákærendur í hatursglæpum. Sambærileg námskeið fara reglulega fram í símenntun. Í lögreglu- og löggæslufræðum við Háskólann á Akureyri er einnig skylda fyrir útskrift að ljúka námskeiði um fjölbreytileika og löggæslu.
121.100	Styrkja löggjöf um hatursorðræðu og -glæpi á grundvelli kynþáttafordóma, efla viðleitni til að fyrirbyggja útbreiðslu slíkra athafna og tryggja að þessir glæpir séu rannsakaðir ítarlega, gerendum refsað og þolendur eigi kost á skilvirkum úrræðum	Lýðveldið Kórea	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.46 (sbr. einnig tilmæli 121.33 og 121.34) og 121.92.

121.101	Styrkja framkvæmd tveggja laga gegn mismunun frá 2018, eða um jafna meðferð án tillits til kynþáttar og þjóðernis og jafna meðferð á vinnumarkaði	Slóvakía	Jafnréttisstofa hefur eftirlit með framkvæmd laga um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og jafna meðferð á vinnumarkaði, en í þeim má finna bann við mismunun á grundvelli kynþáttar og þjóðernis. Jafnréttisstofa sinnir margvíslegri fræðslustarfsemi um mismununarlöggjöfina og býður m.a. upp á námskeið fyrir vinnuveitendur.
121.102	Taka upp ákvæði í refsilögum sem herða refsingar fyrir kynþáttafordómafulla umræðu	Rússneska sambandsríkið	Ákvæði almennra hegningarlaga um hatursorðræðu hefur verið rýmkað, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.33 og 121.36. Samkvæmt ákvæðinu varðar hatursorðræða allt að 2 ára fangelsi og stendur ekki til að breyta því. Árið 2024 var fjölmiðlalögum breytt svo að verknaðarlýsingu í ákvæði 27. gr. um bann við hatursáróðri var rýmkuð. Einnig má benda á að árið 2024 var nýju ákvæði bætt við almenn hegningarlög um að það leiði til refsibýngingar ef brot má rekja til nánar tilgreindra atriða er varða brotaþola persónulega og sé þannig af meiði hatursglæpa, sbr. umfjöllun við tilmæli X. Það er afstaða Íslands að þyngri refsing sé ekki rétta leiðin til að berjast gegn hatursorðræðu, heldur sé fremur rétt að leggja áherslu á fræðslu og almenna vitundarvakningu. Sem dæmi má nefna að árið 2024 var ráðist í vitundarvakningarherferð og sérstakt vefsvæði opnað með það að markmiði að auka vitund almennings á hatursorðræðu og áhrifum hennar, sbr. nánar í umfjöllun við tilmæli 121.95.
121.103	Efla ráðstafanir gegn kynþáttafordómafullri umræðu	Tyrkland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.102 og 121.95.
121.104	Gera áþreifanlegar ráðstafanir til að berjast gegn	Sýrlenska araba-lýðveldið	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.95 og 121.102.

	kynþáttafordómafullri umræðu og tengdum brotum		
121.105	Efla upplýsingaherferðir gagnvart almenningi til að auka vitund um baráttu gegn kynþáttafordómafullri hatursorðræðu	Filippseyjar	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.95.
121.106	Gera skilvirkar ráðstafanir til að útrýma hatursorðræðu og útbreiðslu staðalímynda á grundvelli kynþáttar eða yfirburða af hálfu stjórn málaafra og fjölmiðla	Kúba	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.93.
121.107	Taka upp skilvirkt fyrirkomulag til að berjast gegn kynþáttafordómum, hatursorðræðu og útlendingahatri og efla umburðarlyndi alls staðar í samfélaginu	Bangladess	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.92, 121.93 og 121.95.
121.108	Auðvelda núverandi mannréttindaverndarkerfum að taka við kvörtunum vegna mismununar þar til innlend stofnun hefur verið sett á laggirnar á Íslandi	Kanada	Á grundvelli 4. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála nr. 151/2020 er það m.a. hlutverk Jafnréttisstofu að veita ráðgjöf og aðstoð á sviði jafnréttismála. Að auki er starfrækt sjálfstæð stjórnslunefnd, kæruneftnd jafnréttismála, sem úrskurðar í kærum um brot á lögum um jafnréttismál. Mannréttindastofnun Íslands tók formlega til starfa 1. maí 2025, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.56.
121.109	Efla viðleitni til að berjast gegn öllum tegundum kynþáttamismununar og hatursorðræðu og tryggja að kynþáttamismun og -glæpir	Jórdanía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.46, sbr. einnig umfjöllun við tilmæli 121.33 og 121.34.

	séu tilkynntir og gerendur látnir sæta ábyrgð		
121.110	Gera ráðstafanir til að tryggja fulla og skilvirka beitingu fyrirbyggjandi löggjafar sem bannar mismunun á grundvelli kynþáttar	Senegal	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.108. Hægt er að kæra mismunun á grundvelli kynþáttar til kærunefndar Jafnréttismála. Jafnréttisstofa hefur m.a. það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og laga um jafna meðferð utan vinnumarkaðar. Jafnréttisstofa getur m.a. óskað eftir því að kærunefndin taki mál til meðferðar. Þá getur Jafnréttisstofa að beiðni kæranda fylgt því eftir að fyrirmælum um tilteknar úrbætur í úrskurði kærunefndar sé framfylgt á viðeigandi hátt.
121.111	Halda áfram viðleitni til að berjast gegn kynþáttamismunun	Líbanon	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.92, 121.93 og 121.95.
121.112	Tryggja aðgengi að réttarkerfinu fyrir alla, óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna, og að meðferð minnihlutasamfélaga innan samfélagsins sé án mismununar	Lýðveldið Kórea	Frá árinu 2022 hefur jafnréttislöggjöfin bannað hvers kyns mismunun á öllum sviðum samfélagsins, þar á meðal innan réttarkerfisins, óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Einstaklingar sem telja að sér hafi verið mismunað geta leitað til kærunefndar jafnréttismála. Þó að lög tryggi öllum einstaklingum jafnan aðgang að réttarkerfinu, hefur oft reynst erfiðara fyrir jaðarsetta hópa að sækja réttindi sín í framkvæmd. Hefur því verið leitast við að tryggja jaðarsettum hópum sérstaka aðstoð við að leita réttar síns. Má til dæmis nefna að boðið hefur verið upp á ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Þá hafa sérstakir réttindagæslumenn fatlaðs fólks það hlutverk að aðstoða fatlað fólk við að ná fram rétti sínum.
121.113	Vinna innlenda aðgerðaáætlun um baráttu gegn öllum	Egyptaland	Ýmsar áætlanir sem varða sértæk réttindi minnihlutahópa hafa verið settar fram með það að markmiði að jafna stöðu

	birtingarmyndum kynþáttafordóma, útlendingahaturs og haturs á þeim sem iðka íslamstrú		fólks óháð uppruna. Má þar t.a.m. nefna drög að stefnu í málefnum innflytjenda sem kynnt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda en ekki farið fyrir Alþingi. Hins vegar er engin ein heildstæð áætlun um baráttu gegn kynþáttafordómnum, útlendingahatri og hatri gegn þeim sem iðka íslamstrú til staðar. Einnig má benda á að Jafnréttisstofa hefur m.a. það hlutverk samkvæmt lögum að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum byggðum á kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun o.s.frv.
121.114	Halda áfram fyrirbyggjandi viðleitni til að tryggja fullt kynjajafnrétti á sviði menntunar og á vinnumarkaði og deila bestu starfsvenjum á þessu sviði	Víetnam	Jafnréttisstofa hefur m.a. það hlutverk samkvæmt lögum að vinna gegn neikvæðum kynjaímyndum og neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Þá segir í 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna að samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi. Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Einnig er sérstaklega tekið fram að í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skuli nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni. Jafnrétti hefur verið frá 2011 einn grunnþátta menntunar í aðalnámskrám á öllum skólastigum, ásamt mannréttindum, lýðræði, sjálfbærni, sköpun og heilbrigði og velferð. Í hverjum grunnskóla starfar forvarnarteymi sem hefur það hlutverk að tryggja kennslu í öllum árgöngum um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga starfar forvarnarfulltrúi sem styður við

		fræðslu og forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, bæði á leik- og grunnskólum, í frístundaheimilum og á félagsmiðstöðvum. Konur hafa að meðaltali verið um 60% nemenda í háskólum landsins frá því fyrir aldamótin. Árið 2023 stóð háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið fyrir átaki undir yfirskriftinni „Heimurinn stækkar í háskóla“. Markmið átaksins var að hvetja ungt fólk, sérstaklega stráka, til að skrá sig í háskóla. Kynningarátakið var sett af stað sem viðbrögð við því að einungis um þriðjungur íslenskra karla á aldrinum 25-34 ára hafa lokið háskólanámi, auk þess sem könnun á framvindu og viðhorfi nemenda í framhaldsskólum sýndi áberandi mun á áformum kynjanna þegar kemur að háskólanámi. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna miða að því að tryggja jafna stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði og banna hvers kyns mismunun á grundvelli kyns. Þar má m.a. finna ákvæði sem skylda fyrirtæki og stofnanir af ákveðinni stærð til að setja jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Á undanförunum árum hefur auk þess verið lögð rík áhersla á launajafnrétti. Má til dæmis nefna að stýrihópur um virðismat starfa í þágu launajafnréttis er nú að störfum en verkefni hans er að þróa heildstætt virðismatskerfi sem samræmist markmiðum um launajafnrétti. Markmiðið er að nýtt virðismatskerfi liggi fyrir í árslok 2026. Síðastliðin ár hafa verið gerðir samstarfssamningar við Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) með það að markmiði að stuðla að auknu kynjajafnrétti í íslensku atvinnulífi og jafnari hlut kvenna í stjórnnum og framkvæmdastjórnnum fyrirtækja.
--	--	---

121.115	Standa fyrir vitundarherferðum og gera ráðstafanir til að berjast gegn kynbundnum staðalímyndum og ójöfnuði milli karla og kvenna	Kosta Ríka	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.114 og 121.116.
121.116	Efna til vitundarvakningarherferða til að útrýma kynbundnum staðalímyndum og tryggja að þátttaka karla og drengja sé nýtt sem mikilvægt verkfæri til að auka kynjajafnrétti	Eistland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.114. Jafnréttisstofa hefur staðið fyrir ýmsum vitundarvakningarherferðum sem miða að því að vinna gegn staðalímyndum, sbr. til dæmis umfjöllun við tilmæli 121.92 um „Meinlaust?“ en herferðin hefur meðal annars beinst gegn kynbundnu áreitni og örಾರೆiti sem konur verða fyrir. Í framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum frá árinu 2020 var sérstakur kafli um karla um jafnrétti. Á grundvelli hennar var m.a. unnin vitundarvakning um ábyrgð og hlutverk karla í tengslum við kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi. Tillaga til nýrrar framkvæmdaáætlunar í kynja-jafnréttismálum var lögð fyrir Alþingi vorið 2025, en þar má m.a. finna aðgerð um að skipaður verði starfshópur um karla og jafnrétti sem skoði sérstaklega hlutverk karla í baráttunni gegn kynferðisofbeldi. Einnig má finna aðgerð um að Íslandi sinni málsvarastarfi á alþjóðavettvangi í þágu kynjajafnréttis, þar á meðal verkefnum sem miða að því að fá karlmenn og drengi að jafnréttismálum, m.a. með skipulagningu rakarastofuráðstefna (e. Barbershop) á vettvangi alþjóðastofnana.
121.117	Gera virkar og sjálfbærar ráðstafanir til að berjast gegn neikvæðum áhrifum	Haítí	Ný aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var samþykkt 2024, en þar má finna 150 aðgerðir sem miða m.a. að því vinna gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga. Sérstakur upplýsingavefur um áætlunina, CO2.is, er ætlað að auka

	loftslagsbreytinga, einkum súrnun sjávar		aðgengi almennings og fagfólks að upplýsingum um aðgerðirnar og stöðu þeirra. Unnið er að forgangsörðun aðgerða í aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og gert ráð fyrir uppfærslu á áætluninni á árinu 2025. Einnig er unnið er að fyrstu aðgerðaáætlun Íslands um aðlögun að loftslagsbreytingum, sem byggir á aðlögunarstefnu frá árinu 2021 og viðamiklu samráðsferli þvert á málaflokka byggt á henni árin 2022-2023. Ísland leggur einnig áherslu á rannsóknir á súrnun sjávar, m.a. gegnum Hafrannsóknastofnun.
121.118	Taka réttinn til öruggs umhverfis upp í stjórnarskrá og löggjöf	Kosta Ríka	Árið 2023 fól forsætisráðherra sérfræðingum í mannréttindum að vinna greinargerð um hvort þörf væri á breytingum á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Í greinargerðinni var m.a. lagt til að nýju ákvæði um umhverfisvernd yrði bætt við stjórnarskrá, þar sem kveðið verði á um að öllum verði tryggður í lögum réttur til heilnæms umhverfis og náttúru. Umræddar tillögur eru til skoðunar í forsætisráðuneytinu.
121.119	Halda áfram að efla viðleitni til að þróa og styrkja nauðsynlega lagaramma sem taka á umhverfisáskorunum þvert á geira, þ. á m. loftslagsbreytingar og ramma fyrir forvarnir gegn náttúruvá	Fíji	Ísland er að innleiða Evrópulöggjöf um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar og tengdar gerðir sem munu stuðla að þverfaglegri lagaumgjörð. Markmið flokkunarkerfisins er að samræma skilgreiningu á sjálfbærri atvinnustarfsemi. Enn fremur er unnið að endurskoðun á löggjöf um loftslagsmál og gert er ráð fyrir að leggja fram frumvarp á næsta löggjafarþingi (2025-2026). Markmið almannavarna á Íslandi er að takast á við vá, þar á meðal á völdum náttúruhamfara. Veðurstofa Íslands er með viðtæka virka vöktun vegna náttúruvár allan sólarhringinn og gera almannavörnum viðvart ef það er yfirvofandi hætt. Áhættuskoðun almannavarna greinir þær

			áhættur sem almannavánir þurfa að takast á við og hefur fjöldi viðbragðsáætlana verið gefnar út. Árið 2023 var gefin út skýrsla um stöðumat og áskoranir varðandi mat og endurmótun á tilhögun hættumats og vöktunar vegna náttúruvár. Gert er ráð fyrir að leggja fram frumvarp um breytingar á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum á næsta löggjafarþingi (2025-2026).
121.120	Koma í framkvæmd skuldbindingunni sem gefin var á Naíróbí fundinum um að fjárfesta í framkvæmd aðgerðaáætlunar alþjóðaráðstefnunnar um mannfjölda og þróun með því að styrkja virkar aðgerðir, bæði innanlands og alþjóðlega, í tengslum við áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030	Panama	Sérstök áhersla er lögð á kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi í nýrri þróunarsamvinnustefnu Íslands fyrir árin 2024-2028, sem lykilþátt í því að tryggja mannréttindi og jafnrétti kynjanna. Jafnframt leggur Ísland áherslu á leiðandi hlutverk Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) í framkvæmd dagskrár ICPD og er stuðningur Íslands við stofnunina byggður á rammamarkmiðum til margra ára. Árið 2023 nam heildarstuðningur Íslands við Mannfjöldasjóðinn nærri 6 milljónum Bandaríkjadala, sem var yfir 40% aukning frá árinu 2022. Í mörg ár hefur Ísland unnið að framgangi kyn- og frjósemisheilbrigðis og réttinda (SRHR) með tvíhliða samstarfslöndum sínum, Malaví, Úganda og Sierra Leone. Jafnframt leggur Ísland áherslu á réttinn til kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu í mannúðaráðstöð sinni og heldur áfram að styðja starf Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna á áttaksvæðum, svo sem í Afganistan, Jemen, Sýrlandi og Úkraínu. Árið 2022 skrifaði Ísland undir nýjan rammamarkmið, fyrir tímabilið 2022–2025, til stuðnings sameiginlegri áætlun Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) og Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna UNFPA um

			útrýmingu limlestinga á kynfærum kvenna (FGM), en Ísland hefur stutt verkefnið frá árinu 2011.
121.121	Halda áfram ráðstöfunum til þess að efla velferð íbúanna	Sambands- lýðveldið Tansanía	Ísland býr yfir öflugu velferðarkerfi. Til að beina sjónum að sérstaklega viðkvæmum hópum er unnið að ýmsum verkefnum. Má þar nefna sérstakt átak vegna velferðar eldri borgara, <i>Gott að eldast</i> , auk landsáætlunar um málefni fatlaðs fólks. Þá hefur félags- og húsnæðismálaráðuneytið staðið fyrir samráðsvettvangi stofnana og frjálsra félagasamtaka, <i>Velferðarvaktinni</i> , frá árinu 2008 en þar fara fram umræður milli aðila um ýmis velferðarverkefni og stöðu einstaka hópa auk þess sem Velferðarvaktin lætur vinna rannsóknir á einstaka málum eða þeimum.
121.122	Uppfylla markmiðið um að 0,7 prósent af vergum þjóðartekjum sé ráðstafað til opinberrar þróunaraðstoðar	Bangladess	Alþingi samþykkti í lok árs 2023 þingsályktun um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028. Stefnan byggir á því sem vel hefur tekist á undanförunum árum, niðurstöðum úttekta og nýafstaðinni jafningjarýni Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) þar sem meðal annars var lögð áhersla á mikilvægi þess að Ísland hafi áfram skýra og einbeitta nálgun í þróunarsamvinnu sinni. Opinber þróunaraðstoð Íslands (ODA) mun aukast á tímabili stefnunnar, úr 0,35% af vergri þjóðarframleiðslu (GNI) árið 2024 í 0,46% árið 2028. Yfirmarkmið nýrrar stefnu er „útrýming fátæktar, virðing fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði“ auk þess sem mannréttindi og jafnrétti kynjanna annars vegar og umhverfis- og loftslagsmál hins vegar eru bæði sértæk og þverlæg markmið, sem þýðir að þau skuli lögð til grundvallar og samþætt í allt starf. Lögð er áhersla á fjóra málaflokka: • Mannréttindi og jafnrétti kynjanna • Mannauð og grunnstoðir samfélaga

			• Loftslagsmál og náttúruauðlindir • Mannúðaraðstoð og störf í þágu stöðugleika og friðar
121.123	Halda áfram gera ráðstafanir til að auka framlög til þróunaraðstoðar með það í huga að ná alþjóðlega samþykktum viðmiðunarmörkum um 0,7 prósent af vergum þjóðartekjum ásamt áherslu á uppbyggingu á getu og viðnámsþrótti	Haítí	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.122.
121.124	Gera virkar ráðstafanir til að láta af fylgni við einhliða þvingunarráðstafanir sem eru ólöglegar og andstæðar alþjóðalögum og alþjóðlegum mannréttindum	Íslamska lýðveldið Íran	Allar þvingunaraðgerðir sem ákveðnar eru af Evrópusambandinu eða Sameinuðu þjóðunum, sem Ísland hefur innleitt, eru í fullu samræmi við alþjóðalög, þar á meðal alþjóðlega mannréttindasamninga.
121.125	Ljúka vinnu við aðgerðaáætlun Íslands um viðskipti og mannréttindi í samræmi við leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi með það að markmiði að efla virðingu fyrir mannréttindum í viðskiptum	Japan	Ferlið við að móta aðgerðaáætlun um viðskipti og mannréttindi í samræmi við leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi er hafið.
121.126	Halda áfram að gera ráðstafanir til að vinna innlenda aðgerðaáætlun um viðskipti og mannréttindi	Malasía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.125.
121.127	Efla yfirsýn yfir fyrirtæki sem starfa erlendis með tilliti til hvers kyns neikvæðra áhrifa af	Palestínu-ríki	Löggjöf um rýni á erlendri fjárfestingu er til skoðunar innan atvinnuvegaráðuneytisins.

	starfsemi þeirra á mannréttindi, einkum á átakasvæðum, sem m.a. á við aðstæður þar sem um er að ræða erlent hernám og aukna hættu á mannréttindabrotum		
121.128	Efla forvarnir gegn nýjum tegundum ofbeldis, s.s. áreitni á netinu	Litáen	Lögð hefur verið áhersla á að vinna markvisst gegn ofbeldi, þar á meðal kynbundnu ofbeldi og stafrænu ofbeldi. Í aðgerðaáætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi eru settar fram aðgerðir sem miða að því að fyrirbyggja ofbeldi og áreitni og var sérstaklega tekið mið af stafrænum samskiptum og þeim breytingum sem hafa orðið og kunna að verða á birtingarmyndum ofbeldis og áreitni. Sem dæmi um aðgerðir má nefna fræðsluáttak um kynferðislega friðhelgi, einkum um eðli og afleiðingar stafræns kynferðisofbeldis. Árið 2021 tóku gildi breytingar á almennum hegningarlögum sem varða kynferðislega friðhelgi, sem miða að því að auka vernd gegn stafrænu kynferðisofbeldi. Ráðist hefur verið í víðamiklar aðgerðir á vegum ríkislögreglustjóra til að vinna gegn stafrænu ofbeldi, s.s. sérþjálfun lögreglufólks til að rannsaka stafræn brot og bæta aðstoð við þolendur stafræns ofbeldis. Þá hefur verið staðið fyrir vitundarvakningu um stafrænt ofbeldi, þar sem athyglinni var sérstaklega beint að gerendum. Neyðarlínan 112 starfrækir sérstaka ofbeldisgátt, þar sem finna má ýmsar upplýsingar um ofbeldi og úrræði fyrir þolendur. Þar má m.a. finna sérstaka síðu tileinkaða stafrænu kynferðisofbeldi.
121.129	Tryggja að varðhaldsaðstæður á stöðum þar sem frelsissviptir	Belarús	Lögð er áhersla á að mannréttindum og alþjóðlegum stöðlum sé fylgt við framkvæmd frelsissviptinga.

	dvelja séu í samræmi við alþjóðlega staðla, m.a. með því að forðast óhóflega beitingu einangrunarvistar		Umboðsmaður Alþingis sinnir eftirliti með aðstæðum frelsissvipta á Íslandi, sbr. umfjöllun um tilmæli 121.130. Unnið er að heildstæðri stefnumótun í fullnustumálum og í þeirri vinnu verður meðal annars farið yfir þær reglur og þau viðmið sem eru notuð við beitingu einangrunarvistunar, bæði í gæsluvarðhaldi og þegar kemur að agaviðurlögum í fangelsum.
121.130	Tryggja að sjálfstæðir og óháðir aðilar rannsaki allar ásakanir um pyndingar eða aðra ómannúðlega meðferð sem frelsissviptir einstaklingar hafa orðið fyrir	Egyptaland	Umboðsmaður Alþingis hefur frá árinu 2018 gegnt hlutverki eftirlitsaðila á grundvelli valfrjálsrar bókuar við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT) á Íslandi. Hlutverk umboðsmanns er að kanna hvort og hvernig réttindi frelsissviptra einstaklinga eru virt og draga úr líkum á brotum gegn þeim með forvarnarskrá. Umboðsmaður fer í reglulegar heimsóknir á þá staði þar sem fólk er, eða kann að vera frelsissvipt, stundum án fyrirvara. Eftir hverja heimsókn skilar umboðsmaður skýrslu með niðurstöðum sem einnig er birt á vef umboðsmanns. Umboðsmaður er kjörinn af Alþingi og lýtur því ekki eftirlits- eða yfirstjórnunarheimildum stjórnvalda, þ.m.t. ráðherra. Allir frelsissviptir einstaklingar sem telja sig hafa verið beitta pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, geta beint kvörtun til umboðsmanns.
121.131	Hvetja til rannsókna á kvörtunum frá frelsissviptum einstaklingum og byggja upp vitundarvakningar- og fræðsluherferðir fyrir lögreglumenn	Spánn	Allir frelsissviptir einstaklingar geta kvartað til umboðsmanns Alþingis, sem fer einnig með eftirlit á grundvelli OPCAT sbr. umfjöllun um tilmæli 121.130. Ef kvörtun varðar heilbrigðisþjónustu er einnig hægt að koma að kvörtun eða athugasemdum hjá Embætti Landlæknis eða í gegnum heimasíðu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

			Mennta- og starfþróunarsetur lögreglu varð til hjá embætti ríkislögreglustjóra árið 2016. Hlutverk Mennta- þess er samkvæmt 37. gr. lögreglulaga m.a. að annast starfsnám nema í lögreglufræðum við háskóla, hafa umsjón með símenntun lögreglumanna innan lögreglu og annast skipulagningu og framboð sérhæfðra námskeiða, eftir atvikum í samstarfi við háskóla eða á grundvelli alþjóðasamstarfs. Það er stefna mennta- og starfsþróunarseturs að bjóða starfsmenum og starfsfólki lögreglu upp á fjölbreytt nám og þjálfun sem byggir á gæðum og nýjungum og er það gert með reglubundnum hætti.
121.132	Tryggja að meginreglan um bann við endursendingu sé tryggð í lögum og framkvæmd	Afganistan	Meginreglan um að vísa fólki ekki brott þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu (non-refoulement) er lögfest í 42. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, auk þess sem vísað er til hennar í öðrum ákvæðum laganna. Þá er Ísland bundið af meginreglunni samkvæmt skuldbindingum í ýmsum alþjóðlegum mannréttindasamningum, svo sem flóttamanna-samningnum. Þegar einstaklingur sækir um alþjóðlega vernd hér á landi er það á ábyrgð Útlendingastofnunar og kærunefndar útlendingamála að meta hvort viðkomandi eigi að fá alþjóðlega vernd eða hvort vísa eigi honum úr landi. Við rannsókn þeirra er litið til frásagnar umsækjanda, gagna sem hann leggur fram og til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir um aðstæður í viðtökuríki hans, t.d. skýrslur og gögn alþjóðlegra samtaka, frjálsra félagasamtaka og annarra ríkja. Við slíkt mat taka stjórnvöld m.a. afstöðu til þess hvort synjun umsóknar muni brjóta gegn 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og 42. gr. laga um

			útlendinga. Öll mál eru því skoðuð og metin á einstaklingsbundnum grundvelli með tilliti til aðstæðna hvers og eins. Í þeirri málsmeðferð njóta allir umsækjendur þjónustu löglærðs talsmanns á báðum stjórnarsýslustigum þeim að kostnaðarlausu.
121.133	Tryggja að dómstólar beiti nýrri löggjöf um uppljóstrara af staðfestu til að fyrirbyggja tilraunir einstaklinga til að þvinga blaðamenn og uppljóstrara með hótunum	Þýskaland	Samkvæmt lögum um vernd uppljóstrara, nr. 40/2020, telst miðlun upplýsinga eða gagna starfsfólks, að fullnægðum skilyrðum laganna, ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsmaðurinn er bundinn af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 4. gr. Slík miðlun leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á viðkomandi og getur ekki leitt til stjórnarsýsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmannarétti. Þá er óheimilt að láta starfsmann sem miðlað hefur upplýsingum eða gögnum, að uppfylltum skilyrðum laganna, sæta óréttlátri meðferð. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur sett reglur um uppljóstraravernd fyrir opinbert starfsfólk, sbr. reglur nr. 1230/2022. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með því að einkafyrirtæki setji verklagsreglur vegna uppljóstrunar starfsfólks á vinnustöðum þar sem starfsmenn eru 50 talsins eða fleiri.
121.134	Tryggja sjálfstæði, óhlutdrægni, kynningu og gagnsæi í skipunarferli dómara til að vernda borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi	Marshall-eyjar	Með lögum um dómstóla sem tóku gildi árið 2018 voru gerðar nokkrar mikilvægar breytingar sem miðuðu gagnert að því að styrkja sjálfstæði dómsvaldsins. Í lögunum má finna ákvæði sem miðar að því að tryggja óhlutdrægni og gagnsæi við skipun dómara. Sjálfstæð dómnefnd skal fjalla um hæfi umsækjanda. Óheimilt er að skipa í dómaraembætti einstakling sem dómnefndin hefur ekki talið meðal hæfustu umsækjenda. Frá því má einungis víkja ef Alþingi samþykkir tillögu ráðherra um heimild til að skipa annan nafngreindan umsækjanda sem fullnægir að mati dómnefndar öllum skilyrðum.

			Í nóvember 2021 setti dómsmálaráðherra leiðbeinandi reglur um málsmeðferð telji ráðherra ástæðu til að óska eftir heimild Alþingis til að víkja frá umsögn dómnefndar, sem miða að því að tryggja gagnsæi og að málefnalegra sjónarmiða sé gætt við matið.
121.135	Samþykkja skilvirkari ráðstafanir til að koma í veg fyrir mansal sem felst í misnotkun á vinnuafli og skilgreina í lögum starfshætti sem eru sambærilegir þrælahaldi og ánauð sem tegundir misnotkunar	Bólívarska lýðveldið Venesúela	Íslensk stjórnvöld hafa gripið til ýmissa aðgerða til að vinna gegn mansali, þar á meðal lagasetningu, framkvæmd aðgerðaáætlunar og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Til dæmis hefur sérstaklega verið efnt til fræðslu um mansal meðal þeirra sem sinna umsækjendum um alþjóðlega vernd og flóttafólki. Í byrjun árs 2025 voru gerðar breytingar á ýmsum lögum til að styrkja samstarf þeirra aðila sem fara með eftirlit á vinnumarkaði sem og stefnumörkun hvað varðar aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, svo sem mansali, í því skyni að auka samlegð og skilvirkni við eftirlitið. Stofnuð hefur verið sérstök samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði, sem skal koma með tillögu að stefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda um aðgerðir og áherslur gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði. Nefndin fundar reglulega með forsætisráðherra og ráðherrum vinnumarkaðsmála, dómsmála og efnahagsmála. Þá hefur Vinnueftirlitið fengið aukið fjármagn til að sinna eftirliti með brotum á vinnulöggjöf.
121.136	Fjármagna allar aðgerðir til baráttu gegn mansali og gefa út alhliða aðgerðaáætlun, þ. á m. vitundarvakningu, forvarnir og ráðstafanir til að takast á við kerfislægar aðstæður sem gera mansal mögulegt og viðhalda því	Ástralía	Undirbúningur er hafinn að nýrri aðgerðaáætlun gegn mansali. Þá hefur stuðningur við þolendur mansals verið aukinn með samningi félags- og húsnæðismálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis við Bjarkarhlíð (Family Justice Center) sem gegnir hlutverki National Referral Mechanism á Íslandi.
121.137	Herða viðleitni til að berjast gegn mansali, einkum í formi	Belarús	Þjálfun lögreglu og saksóknara hefur verið eflað til muna og þvert á aðila innan kerfis sem koma að mansalsmálum. Sú

	kynferðislegrar misnotkunar og misnotkunar á vinnuafli, og bæta framkvæmd laga til að tryggja að refsing fyrir þessa glæpi sé óhjákvæmileg og skilvirka saksókn gerenda		Þjálfun hefur strax komið að notum í framkvæmd. Sérstakt teymi tók þátt í mansalshermiþjálfun (e. simulation training) í Þýskalandi í nóvember 2023 á vegum ÖSE og Eyrstrasaltsráðsins. Mennta- og starfþróunarsetur lögreglu hefur m.a. fengið sérstakan styrk frá stjórnvöldum til þess að auka fræðslu til lögreglunnar um skipulagða brotastarfsemi, þar á meðal mansal.
121.138	Samþykkja og innleiða víðtæka aðgerðaáætlun um baráttu gegn mansali til stuðnings áherslum stjórnvalda árið 2019 um baráttu gegn mansali og öðrum tegundum misnotkunar	Kanada	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.136.
121.139	Huga að því að efna til vitundarvakningarherferða sem beinast að því að fyrirbyggja mansal og beina upplýsingum um réttindi og tiltæk úrræði að viðkvæmustu hópum samfélagsins	Chile	Verklagsreglur hjá lögreglu og Útlendingastofnun hafa verið uppfærðar með áherslu á að bera kennsl á þolendur mansals. Árið 2021 var gefinn út upplýsingabæklingur á íslensku, pólsku og ensku til að greina vísbendingar mansals. Þá hefur starfsfólk Vinnumálastofnunar fengið þjálfun í að bera kennsl á mögulega þolendur. Á heimasíðu 112.is er að finna upplýsingar um mansal og úrræði vegna mansals. Upplýsingarnar eru á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, úkraínsku, filippseysku, albönsku, litháísku, arabísku, frönsku, portúgölsku, víetnömsku, rúmensku, lettnesku og rússnesku.
121.140	Berjast gegn mansali af skilvirkni og koma lögum yfir þá sem bera ábyrgðina	Kína	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.137.

121.141	Gera frekari ráðstafanir til að bæta saksókn gagnvart gerendum mansalsbrota og tryggja viðeigandi vernd og aðstoð fyrir þolendur	Króatía	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.37 og 121.139.
121.142	Tryggja stöðuga þróun og framkvæmd laga um mansal á konum og stúlkum í kynferðislegum tilgangi eða í formi misnotkunar á vinnuafli og glæpastarfsemi	Lýðveldið Kórea	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.136.
121.143	Halda áfram að úthluta nauðsynlegum mannauði, tækniúrræðum og fjármagni til að innleiða stefnur og verklag á skilvirkan hátt til að berjast gegn mansali með áherslu á mansal á konum og börnum	Fíji	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.136.
121.144	Halda áfram viðleitni til að bera kennsl á þolendur mansals í kynferðislegum tilgangi og í formi misnotkunar á vinnuafli og tryggja viðunandi vernd og aðstoð við slíka þolendur	Georgía	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.139.
121.145	Halda áfram yfirstandandi viðleitni til að fyrirbyggja mansal	Ítalía	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.135.
121.146	Halda áfram viðleitni sem miðar að baráttu gegn mansali og réttlátri meðferð þolenda	Jórdanía	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.139.
121.147	Halda áfram viðleitni til að berjast gegn mansali og misnotkun á vinnuafli	Mexíkó	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.135.

121.148	Halda áfram viðleitni sem hefur verið gerð til að berjast gegn mansali og öllum öðrum tegundum misnotkunar	Túnis	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.135.
121.149	Halda áfram viðleitni að berjast gegn mansali og kynbundnu ofbeldi	Nepal	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.135. Stjórnvöld veita sérstakan stuðning við ýmis úrræði fyrir bæði þolendur og gerendur ofbeldis. Þar má nefna m.a. Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Sigurhæðir, Suðurhlíð, Stígamót, Kvennaathvarfið og Heimilisfrið. Nú er að störfum starfshópur um innleiðingu landsáætlunar um framfylgd samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúl-samningsins). Starfshópurinn vinnur að aðgerðaáætlun um innleiðingu Istanbúl-samningsins og annarra aðgerða um kynbundið ofbeldi og heimilisofbeldi, m.a. með tilmæli GREVIO að leiðarljósi.
121.150	Gera frekari ráðstafanir til að taka á mansali með því að útbúa alhliða aðgerðaáætlun og með því að veita viðbótarfjármagni til baráttu gegn mansali	Nýja-Sjáland	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.136.
121.151	Halda áfram allri viðleitni til að berjast gegn mansali og til að vernda réttindi þolenda mansals	Nígíría	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.139.
121.152	Efla viðleitni til að berjast gegn mansali og veita nauðsynlega vernd og aðstoð við þolendur	Katar	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.139.
121.153	Halda áfram viðleitni til þess að bera kennsl á þolendur mansals í kynferðislegum tilgangi og í formi misnotkunar á vinnuafli, þ. á m. á börnum, og tryggja að	Panama	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.139.

	þolendur og þeir sem hafa losnað undan mansali fá viðeigandi vernd, aðstoð og bætur, með tilliti til kynjasjónarmiða		
121.154	Gangast fyrir vitundarvakningarherferðum í einkageiranum til að fyrirbyggja og taka á mismunun og hagnýtingu á grundvelli kynþáttar, einkum gagnvart erlendu starfsfólki.	Filippseyjar	Í gildi er reglugerð um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (EKKO-reglugerð). Vinnueftirlitið hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar og hefur staðið fyrir ýmsum vitundarvakningarátökum um mismunun og ofbeldi á vinnustað. Í mars 2025 fór af stað herferðin <i>Tökum höndum saman: Grípum til aðgerða gegn áreitni og ofbeldi í vinnuumhverfinu</i> en markmið hennar var að hvetja vinnustaði til að stuðla að heilbrigðri vinnustaðamenningu og huga að forvörnum og viðbrögðum við áreitni og ofbeldi í vinnuumhverfinu. Dómsmálaráðuneytið gaf árið 2022 út bæklinginn <i>Visbendingar um mansal</i> til þess að aðstoða fólk við að bera kennsl á hugsanlega þolendur mansals. Árið 2024 styrktu dómsmálaráðuneytið og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið gerð og útgáfu upplýsingamyndbands um vinnumansal á Íslandi. Að verkefninu stóðu einnig Neyðarlínan, Vinnueftirlitið og Jafnréttisstofa ásamt ýmsum hagsmunaaðilum. Myndbandið er aðgengilegt á fimm mismunandi tungumálum. Jafnréttisstofa annast stjórnsýslu á sviði jafnréttismála í samræmi við lög um jafna meðferð á vinnumarkaði. Jafnréttisstofa hefur gefið út bæklinginn <i>Réttur þinn</i> sem felur í sér upplýsingar fyrir innflytjendur á Íslandi, m.a. um

			mansal og vændi, en einnig upplýsingar um aðstoð sem til boða er. Bæklingurinn er gefinn út á 9 tungumálum.
121.155	Gera frekari ráðstafanir til að fyrirbyggja mansal í því skyni að misnota vinnuafl og fella þrælahald, aðferðir sem líkjast þrælahaldi og ánauð undir þær tegundir misnotkunar sem heyra undir lagalega skilgreiningu á mansali.	Rússneska sambandsríkið	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.135.
121.156	Bæta ferlið til að bera kennsl á þolendur mansals og auka viðleitni til að veita þolendum meiri aðstoð og veita nægilegt fjármagn til ráðstafana til að berjast gegn mansali.	Rússneska sambandsríkið	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.139.
121.157	Samþykkja víðtæka áætlun til að berjast gegn kynferðislegri áreitni og misnotkun á vinnustað.	Sýrlenska araba-lýðveldið	Samkvæmt íslenskri vinnuverndarlöggjöf skuli vinnuveitendur vera með skriflega aðgerðaáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Vinnueftirlitið hefur eftirlit með því vinnuveitendur séu með slíkar áætlanir og fylgi þeim eftir. Þá vinnur Vinnueftirlitið stöðugt að fræðslu bæði til fyrirtækja og starfsmanna um forvarnir, viðbrögð og eftirfylgni vegna eineltis, áreitni og ofbeldis, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.154.
121.158	Halda áfram viðleitni til að tryggja skilvirka rannsókn og saksókn gagnvart öllum einstaklingum sem stunda mansal á einstaklingum og veita þolendum af öllu þjóðerni vernd og aðstoð.	Taíland	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.139 og 121.137.

121.159	Styrkja frekar viðleitni til að sporna gegn og fyrirbyggja mansal á einstaklingum, þ. á m. eftir því sem við á, saksækja þá sem stunda mansal.	Bandaríki Ameríku	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.137.
121.160	Byggja á lögum gegn þrælahaldi frá 2021 með því að auka þjálfun lögreglu, ákærvalds og dómara í rannsókn og saksókn gerenda sem hafa framið brot sem felast í nútímaþrælahaldi.	Sameinaða konungs- ríkið Stóra Bretland og Norður- Írland	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.137.
121.161	Gera ráðstafanir til að draga úr eftirspurn eftir vændi í landinu og fyrirbyggja að ólögráða börn og einstaklingar í viðkvæmri stöðu sem eru í hópi innflytjenda eigi hlut að máli.	Belarús	Kaup á vændi eru refsiverð á Íslandi. Forvarnaraðgerðir hafa m.a. birst í áttakinu <i>Taktu skrefið</i> sem er úrræði fyrir fólk sem hefur áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hefur beitt einhvern kynferðislegu ofbeldi.
121.163	Stuðla að stefnumótun til að styðja við fjölskylduna sem náttúrulega grundvallareiningu í samfélaginu.	Egyptaland	Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á virðingu fyrir fjölbreytileika fjölskyldna. Gerðar hafa verið breytingar á barnalögum varðandi foreldrastöðu trans fólks sem miða að því að vernda hin ýmsu fjölskyldumynstur og stuðla að virðingu fyrir mismunandi fjölskyldum.
121.164	Tryggja jöfn tækifæri fyrir konur á vinnumarkaði, m.a. með samþykkt ráðstafana sem samræmast meginreglunni um sömu laun fyrir jafnverðmæt störf.	Kúba	Stýrihópur um virðismat starfa í þágu launajafnréttis tók til starfa haustið 2024. Stýrihópurinn vinnur að virðismatskerfi starfa til að leiðrétta kynbundinn launamun sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum. Stefnt er að því að virðismatskerfið liggi fyrir í árslok 2026. Hlutverk Jafnréttisstofu er m.a. að vinna gegn launamissrétti og annarri mismunun á vinnumarkaði, með sérstakri áherslu á að vinna gegn launamissrétti á grundvelli kyns, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

			Jafnréttisstofa hefur einnig umsjón og eftirlit með jafnlaunavottun og jafnlaunastaðfestingu.
121.165	Gera skilvirkar ráðstafanir til að draga úr háu hlutfalli atvinnuleysis meðal einstaklinga sem tilheyra þjóðernisminnihlutum og hópum innflytjenda.	Katar	Sérstök deild hjá Vinnumálastofnun vinnur markvisst að stuðningi og vinnumiðlun innflytjenda á atvinnuleysisskrá. Einnig hefur verið ráðist í sérstök verkefni fyrir fólk með skerta starfsgetu og þá sem þurfa atvinnu með stuðningi. Verkefni hafa miðað að snemmtækri íhlutun til að koma í veg fyrir langvarandi atvinnuleysi. Þá er sérstakt verkefni í vinnumiðlun fyrir flóttafólk m.a. með starfstengdri íslenskubjálfun þar sem tungumálanám og starfsþjálfun fara saman.
121.166	Gera ráðstafanir til að draga úr óhóflegu atvinnuleysi einstaklinga sem tilheyra þjóðernisminnihlutum og hópum innflytjenda og tryggja þeim mannsæmandi atvinnu við sambærileg skilyrði.	Kúba	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.165.
121.167	Samþykkja aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi meðal einstaklinga sem tilheyra þjóðernisminnihlutum og hópum innflytjenda og afkomenda þeirra.	Ekvador	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.165.
121.168	Tryggja samfellu og skilvirkni í framkvæmd laga um jafna meðferð á vinnumarkaði og standa fyrir vitundarvakningu meðal vinnuveitenda til að koma í veg fyrir kynþáttamismunun á vinnumarkaði.	Palestína	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.101 og 121.110.
121.169	Huga að samþykkt laga til að fyrirbyggja mismunun gegn fötluðu fólki á sviði atvinnu.	Búlgaría	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.101.

			Samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar (sjá nánar í umfjöllun um tilmæli 121.34) er hvers kyns mismunur á grundvelli fötlunar óheimil.
121.170	Veita réttindum hópa í viðkvæmri stöðu virka vernd á sviði húsnæðis, menntunar, læknishjálpar, atvinnu, o.s.frv.	Kína	Gripið hefur verið til aðgerða á fjölmörgum sviðum til að tryggja jaðarsettum hópum og fólki í viðkvæmri stöðu viðeigandi þjónustu og réttindi. Sem dæmi má nefna aðgerðir til að tryggja nemendum af erlendum uppruna skólavist á öllum skólastigum og aðgerðir til að draga úr skólaforðun og brottfalli á öllum skólastigum, m.a. með aukinni fjárveitingu til framhaldsskóla. Þá má nefna MEMM verkefnið, sem stendur fyrir „menntun, móttaka og menning“, en því er ætlað að stuðla að virkri þátttöku barna með fjölbreyttan bakgrunn, bæði námslega og félagslega. Einnig má nefna Frigg, sem er miðlægur, stafrænn gagnagrunnur sem heldur utan um alla nemendur landsins, sem miðar að því að auka getu til að mæta hverju og einu barni með réttum úrræðum og að ekkert barn lendi utan kerfis. Vinnumálastofnun býður upp á einstaklingsmiðaða þjónustu fyrir fólk með skerta starfsgetu. Markmiðið er að styðja við fólk að fá vinnu á almennum vinnumarkaði. Sem hluta af stuðningi við slík úrræði býður ríkið fyrirtækjum upp á vinnusamninga öryrkja sem fela í sér endurgreiðslur frá ríkinu til atvinnurekanda sem ráðið hefur fólk með skerta starfsgetu til starfa. Aukið hefur verið töluvert við þessi úrræði og sérstöku átaki í að finna hlutastörf fyrir þennan hóp hefur verið hrundið af stað. Allir íbúar sem eru á leigumarkaði eiga rétt á tekjutengdum húsnæðisstuðningi frá ríkinu. Þá hefur vegna náttúruhamfara í Grindavík verið boðið upp á sérstakan

			húsnæðisstuðning fyrir þá íbúa sem þurftu að yfirgefa heimili sín vegna jarðhræringa á svæðinu. Að auki er hægt að sækja um sértækan húsnæðisstuðning hjá félagsþjónustum sveitarfélaga umfram þann húsnæðisstuðning sem ríkið veitir. Er sá stuðningur ætlaður allra viðkvæmustu hópunum. Helstu ráðstafanir sem gripið hefur verið til undanfarin misseri varðandi heilbrigðisþjónustu er að sett hefur verið af stað tilraunaverkefni í heilsugæslunni um eftirfylgd við hugsanlega þolendur mansals. Þá hefur Landspítalinn hannað verkferil vegna heilbrigðisþjónustu við börn þar sem grunur leikur á kynferðisofbeldi. Einnig er unnið að ýmsum aðgerðum varðandi börn, m.a. er verið að útfæra skimun fyrir ofbeldi í grunnskólum landsins og verklag útbúið vegna skimunar og viðbragða vegna limlestingar á kynfærum barna. Þá er verið að aðlagða HOF verklag (e. IPV) (um ofbeldismóttöku) að þörfum barna. Loks er verið að gera fræðsluefni um barneignarferli fyrir verðandi foreldra af erlendum uppruna.
121.171	Halda áfram viðleitni til að tryggja að allir eftirlaunaþegar og fatlað fólk geti notið fullnægjandi lífskjara, bæði með því að veita fullnægjandi almannatryggingabætur og lífeyri, og með atvinnutækifærum.	Slóvenía	Unnið hefur verið að því að bæta lífskjör eftirlaunaþega og fatlaðs fólks. Breytingar höfðu þegar verið gerðar á almannatryggingakerfinu gagnvart eldra fólki árið 2020 með það að markmiði tryggja afkomu þeirra öldruðu einstaklinga sem hafa lítil eða engin réttindi til ellilífeyris úr almannatryggingum vegna skammrar búsetu hér á landi. Nú er unnið að innleiðingu á nýju örorkulífeyriskerfi í kjölfar heildarendurskoðunar og mun nýtt kerfi taka gildi þann 1. september 2025. Í stað lágrar grunngreiðslu örorkulífeyris í eldra kerfi verður nýr örorkulífeyrir ákvarðaður þannig að hann veiti afkomuöryggi með því að fullur greiðsluréttur skapi viðtakanda mánaðarlegar ráðstöfunartekjur eftir skatt sem nemi a.m.k. 340.000

			krónum. Nýr örorkulífeyrir verður hins vegar áfram ákvarðaður að teknu tilliti til lengdar búsetu hér á landi. Unnið er að greiningu með hvaða hætti afkoma þeirra öryrkja verður tryggð, sem einungis hafa áunnið sér takmörkuð réttindi til greiðslna úr íslenska almannatryggingakerfinu sökum skammrar búsetu á Íslandi. Gert er ráð fyrir að tillaga að lagabreytingum verði lögð fyrir Alþingi 2026. Verkefnið <i>Gott að eldast</i> miðar að þeirri grunnhugsun að eldra fólk er ekki byrði á samfélaginu heldur hefur það ótvírætt virði. Markmið verkefnisins er að m.a. að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk. Þá hefur fyrsta landsáætlun um innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verið samþykkt, en þar má finna ýmsar aðgerðir sem miða því að auka réttindi fatlaðs fólks. Einnig má nefna sérstakt átak í atvinnu með stuðningi hjá Vinnumálastofnun, sbr. nánari umfjöllun við tilmæli 121.170.
121.172	Halda áfram að gera ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki viðunandi líf skjör.	Indland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.171.
121.173	Halda áfram viðleitni til að tryggja að allir eftirlaunaþegar og fatlað fólk geti notið viðunandi líf skjara, bæði með því að veita fullnægjandi almannatryggingabætur og lífeyri, og með atvinnutækifærum.	Pólland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.171.
121.174	Innleiða mannréttindatengda geðheilbrigðisstefnu í samræmi við samninginn um réttindi fatlaðs fólks og veita	Portúgal	Unnið er að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, m.t.t. takmörkunar á beitingu nauðungar. Við þá vinnu er byggt á notendasamráði og á grundvelli samningsins um réttindi fatlaðs fólks. Þá má nefna að í

	geðheilbrigðisþjónustu í samfélaginu með það fyrir augum að útrýma fordómum, mismunun og þvingunum á sviði geðheilbrigðis.		Þingsályktun um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023–2027 eru aðgerðir sem lúta að því að tryggja aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Einni aðgerð þar er ætlað að rýna mismunandi þjónustuferla í geðheilbrigðisþjónustu og er áætlað að í forgangi verði sett fólk með taugabroskaraskanir.
121.175	Innleiða frekari ráðstafanir til að tryggja jafnan aðgang að menntun fyrir konur og stúlkur, sem og þjóðernisminnihlutahópa.	Úsbekistan	Gripið hefur verið til ýmissa ráðstafana til að tryggja jafnan aðgang að menntun, óháð kyni, uppruna eða stöðu að öðru leyti. Sem dæmi má nefna aðgerðir til að tryggja nemendum af erlendum uppruna skólavist á öllum skólastigum og aðgerðir til að draga úr brottfalli á öllum skólastigum, sbr. umfjöllun um tilmæli 121.170. Einnig má nefna ýmis verkefni sem miða að því að auka kynjajafnrétti innan skóla, sbr. umfjöllun um tilmæli 121.114.
121.176	Tryggja að öll börn flóttamanna og umsækjenda um alþjóðlega vernd njóti réttar til menntunar, einkum framhaldsskólamenntunar.	Afganistan	Sérstakur stýrihópur um börn af erlendum uppruna og tengdir hópar hafa unnið að því að tryggja réttindi barna í leit að alþjóðlegri vernd og flóttabarna. Í aðgerðaáætlun á grundvelli menntastefnu fyrir árin 2024–2027 má finna aðgerð sem miðar að samræmdu verklagi um móttöku, menntun og inngildingu barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þróunarverkefnið MEMM, menntun, móttaka, menning, miðar að því tryggja að menntun sé jöfn og aðgengileg fyrir öll börn, óháð bakgrunni þeirra. Nú þegar hafa verið settar af stað íslenskubrautir fyrir nemendur með annað tungumál í framhaldsskólum, auk þess sem unnið er að því að þróa ný ráðgjafaúræði og verkfæri fyrir kennara, sveitarfélög og skóla.

			Vinnumálastofnun í samstarfi við Reykjanesbæ hefur verið með sérstakt menntaúrræði fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd og styrkt hafa verið verkefni í gegnum Þróunarsjóð innflytjendamála til að styðja menntun fylgdarlausra barna í leit að alþjóðlegri vernd.
121.177	Efla menntastefnu enn frekar til að tryggja að allir fái jöfn tækifæri til að njóta góðrar kennslu, auka læsi og draga úr brotthvarfi úr framhaldsskólum	Barbados	Núgildandi menntastefna tók gildi árið 2021 og gildir til 2030. Fyrsta stoð hennar er <i>Jöfn tækifæri fyrir alla</i>, en þar er útlistað sértækari verkefnum tengdum jöfnuði til menntunar, m.a. landfræðilega, þroskalega og menningarlega. Aðgerðaáætlanir eru settar á grundvelli menntastefnunnar með enn ítarlegri aðgerðum í þágu jafnra tækifæra og jafns aðgangs að menntun. Í núgildandi aðgerðaáætlun á grundvelli menntastefnu fyrir árin 2024-2027 má finna aðgerðir sem miða að því að efla gæði kennslu, bæta námsárangur og draga úr brotthvarfi úr framhaldsskólum, m.a. með markvissari náms- og starfsráðgjöf og stuðning við skóla og nemendur. Þann 1. apríl 2024 tók ný Miðstöð menntunar og skólaþjónustu til starfa, en með henni er ætlunin að byggja upp sterka stoð fyrir skólastarf í landinu, fyrir börn og ungmenni og ekki síst fyrir fagfólk í skólum, með aðgengi að sérfræðiþekkingu og samræmdu verklagi. Miðstöðin er liður í að tryggja faglegan stuðning við skóla um land allt og veita kennurum og stjórnendum aðgang að ráðgjöf, þekkingu og úrræðum sem nýtast í daglegu starfi. Slíkt stuðningskerfi er forsenda þess að hægt sé að bregðast við fjölbreyttum þörfum barna á heildrænan og virðingarfullan hátt. Stofnunin gegnir mikilvægu hlutverki í tengslum við námsgagnagerð og þróun námsgagna til framtíðar fyrir menntakerfið og með innleiðingu á nýjum matsferli fyrir

			grunnskólastigið til viðbótar við lesferil sem stofnunin annast.
121.178	Gera ráðstafanir til að auka námstækifæri fyrir fötluð börn og tryggja að fatlað fólk sé skráð í námsbrautir að eigin vali með nægilegum stuðningi til að gera því kleift að ljúka námi.	Búlgaría	Áform eru uppi um lagabreytinga um inngildandi menntun og heildstæða skólaþjónustu, og er það á aðgerðaáætlun við menntastefnu fyrir árin 2024-2027. Aðrar aðgerðir eru einnig í þágu fatlaðra barna í aðgerðaáætlun við menntastefnu fyrir árin 2024-2027, t.a.m. að tryggja aðgengi barna og ungmenna um allt land að heildstæðri skólaþjónustu þar sem þrepaskiptur stuðningur liggur til grundvallar. Allir nemendur sem hafa lokið grunnskóla og hafa náð 16 ára aldri eiga rétt á að innritast í framhaldsskóla, einnig nemendur með fötlun. Við innritun hefur framhaldsskóli sérstökum skyldum að gegna hvað varðar nemendur með fötlun. Starfsbrautir eða sérnámsbrautir við framhaldsskóla eru ætlaðar nemendum með sértækar þjónustufarir og langflestir framhaldsskólar um allt land bjóða upp á slíkar brautir.
121.179	Halda áfram að beita aðgerðum til að draga úr brottfalli innflytjenda og annarra nemenda úr framhaldsskólum.	Kýpur	Breytingar hafa verið gerðar á fjármögnun til framhaldsskóla, þannig að sérstakt fjárframlag er veitt til skóla með hátt hlutfall nemenda í brotthvarfshættu. Þannig er skólum gert kleift að nýta fjármagnið í úrræði sem draga úr brotthvarfi, s.s. með auknum stuðningi og þjónustu við nemendur. Efling náms- og starfsráðgjafar er liður í menntastefnu til ársins 2030 og aðgerðaáætlun á grundvelli hennar fyrir árin 2024–2027. Markmið náms- og starfsráðgjafar er að auðvelda einstaklingum að átta sig á eigin óskum og vilja ásamt því að efla færni þeirra til að taka farsælar ákvarðanir um nám og starf. Ráðgjöfin styður einstaklinga

			í ferli sínu úr námi og yfir í starf, frá menntun til vinnumarkaðar. <i>Stækkaðu framtíðina</i> er samstarfsverkefni mennta- og barnamálaráðuneytisins og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis sem sett var af stað árið 2024 og er ætlað að veita börnum og ungmennum innblástur með heimsóknum sjálfbóðaliða í skólastofuna þar sem þau fá að heyra hvernig nám og starfsferill hefur mótað líf þeirra. Markmið verkefnisins er að opna augu nemenda fyrir þeim tækifærum sem framtíðin hefur upp á að bjóða og auka þannig áhuga þeirra á námi. Sjá einnig umfjöllun um tilmæli 121.177.
121.180	Bæta aðgengi barna innflytjenda að menntun.	Ekvador	Sjá umfjöllun um tilmæli 121.176 og 121.188.
121.181	Áhuga að gera ráðstafanir til að tryggja gjaldfrjálsa grunn- og framhaldsskólamenntun í að minnsta kosti tólf ár.	Frakkland	Á Íslandi er skyldunám ókeypis en með gjalddökuheimildum. Skyldunám er 10 ár, þ.e. allt grunnskólastigið frá sjötta til sextánda aldursárs. Sú breyting hefur verið gerð að frá og með árinu 2025 eru skólamáltíðir í grunnskóla gjaldfrjálsar. Framhaldsskóli er einnig að mestu gjaldfrjáls, en nemendur greiða þó innritunargjald og fyrir námsgögn.
121.182	Vinna að menntakerfi án aðgreiningar, sérstaklega hvað varðar framboð úrræða fyrir öll börn.	Indland	Sjá umfjöllun um tilmæli 121.177 og 121.178.
121.183	Gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja að börn umsækjenda um alþjóðlega vernd hætti námi.	Íran	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.177 og 121.179.

121.184	Íhuga að lengja tímabil gjaldfrjáls skyldunáms í tólf ár.	Líbanon	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.181.
121.185	Gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr ójöfnuði í menntakerfinu til að taka á þeim áskorunum sem börn með fötlun og sérþarfir standa frammi fyrir.	Maldívur	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.178.
121.186	Koma á fræðsluáætlunum fyrir lögreglu, saksóknara og dómara um aðferðir við yfirheyrslur fatlaðra þolenda og aðrar nauðsynlegar aðgerðir til að tryggja eins sanngjarna og vandaða málsmeðferð og kostur er.	Malta	Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu sinnir fræðslu og símenntun fyrir starfsmenn lögreglu. Á árunum 2021-2024 hafa verið haldin námskeið sem varða málefni fatlaðs fólks, m.a. um skýrslutökur af krefjandi sakborningum þar sem 12 rannsakendur innan lögreglunnar fengu réttindi sem kennarar. Málefni fatlaðs fólks er sérstakur málsliður í námskeiðum um rannsókn kynferðisbrota og rannsókn sakamála. Í námi fyrir stjórnendur í almennri löggæslu og varðstjóra eru réttindagæslumenn fatlaðs fólks einnig með fræðslu. Dómstólasýslan hefur boðið dómurum og öðru starfsfólki dómstóla upp á fræðslu þar sem fjallað er um málefni fatlaðs fólks, þar á meðal um réttarvörslukerfið út frá samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
121.187	Veita að minnsta kosti tólf ára menntun á grunn- og framhaldsskólastigi, eins og UNESCO mælist til.	Máritíus	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.181.
121.188	Halda áfram viðleitni til að bæta aðgengi barna með innflytjendabakgrunn að framhaldsskólanámi.	Svartfjalla-land	Sjá umfjöllun um tilmæli 121.170, 121.176., 121.177 og 121.79.
121.189	Bæta aðgengi allra barna að góðri menntun án mismununar.	Katar	Sjá umfjöllun um tilmæli 121.177.

121.190	Halda áfram viðleitni til að bæta aðgengi barna af erlendum uppruna að framhaldsskólamenntun, m.a. með því að semja innlenda menntaáætlun í því skyni að leiða í ljós ójöfnuð í aðgengi að menntun og þróa lausnir með samráði.	Serbía	Sjá umfjöllun um tilmæli 121.176 og 121.179.
121.191	Samþykkja aðgerðir til að vinna gegn brottfalli barna innflytjenda úr námi svo þau aðlagist í sem mestum mæli.	Spánn	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.177.
121.192	Bæta enn frekar aðgengi kvenna sem verða fyrir heimilisofbeldi og kynbundnu ofbeldi að réttarkerfinu og veita dómurum, lögreglu, saksóknurum og öðru viðeigandi fagfólki þjálfun í að taka á heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi.	Eistland	Unnið hefur verið að endurbótum að réttarkerfinu í þeim tilgangi að bæta stöðu brotþola í málum sem varða kynferðislegt ofbeldi og kynbundið ofbeldi. Sem dæmi má nefna að breytingar hafa verið gerðar á lögum um meðferð sakamála, sem miða að því að viðurkenna enn frekar þá sérstöku stöðu sem þeir eru í við rannsókn og meðferð máls, s.s. með auknu aðgengi að gögnum, réttur til að vera viðstaddur lokað þinghald, heimild til að leggja fram sönnunargögn o.fl. Árið 2022 voru framlög til rannsóknar og saksóknar kynferðisbrota hækkuð varanlega um 200 milljónir kr. á ári. Stöðugildum vegna rannsókna kynferðisbrota var fjölgað og m.a. var ráðið í ýmsar nýjar stöður hjá lögreglunni á höfðuðborgarsvæðinu. Sett hefur verið upp þjónustugátt lögreglu, mitt.logreglan.is, þar sem brotþolar geta fylgst með ferli máls síns. Þá fær brotþoli tilnefndan tengilið máls sem gefur brotþola reglulega upplýsingar um mál hans.

			Ýmis námskeið hafa verið haldin fyrir lögreglu, ákærendur, dómara og réttargæslumenn, þ.m.t. um einkenni áfallastreituröskunar, öflun sönnunargagna og sönnunarmat í kynferðisbrotamálum. Auk þess hafa verið haldin menningarnæmisnámskeið fyrir heilbrigðisstarfsmenn og lögreglu sem vinna með þolendum kynbundins ofbeldis.
121.193	Tryggja að nægilegt fjármagn sé til staðar fyrir fyrirbyggjandi aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi og kynferðisofbeldi, og til ráðgjafar og stuðnings við þolendur og til þjálfunar fyrir lögreglumenn.	Niðurlönd	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.192 og 121.116. Aðgerðaáætlun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni nær yfir fjölbreytt svið forvarnarmála gegn ofbeldi og er að fullu fjármögnuð. Á grundvelli áætlunarinnar hafa t.d. forvarnateymi verið stofnuð innan allra grunnskóla landsins. Þá hefur gagnvirku netnámskeiði verið komið upp um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi fyrir starfsfólk sem starfar með börnum. Ýmis ráðgjöf og stuðningur er í boði fyrir þolendur ofbeldis, þar á meðal á vegum sérstakra miðstöðva fyrir þolendur ofbeldis, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.149.
121.194	Þjálfar lögreglumenn og saksóknara til að rannsaka og saksækja kynferðisofbeldisglæpi.	Sýrland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.192.
121.195	Koma upp þjálfunaráætlunum fyrir lögreglumenn, saksóknara og dómara um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi með það að markmiði að auka hlutfall sakfellinga.	Danmörk	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.192.
121.196	Veita nægilegu fjármagni til rannsókna og saksókna kynferðisglæpa og heimilisofbeldismála og til	Venesúla	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.192.

	þjálfunar lögreglumanna, saksóknara og dómara í þessum flokki.		
121.197	Efla ráðstafanir til að vernda erlendar konur og konur sem tilheyra minnihlutahópum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og kynþáttamismunun, þ. á m. heimilisofbeldi, og tryggja að brotapolum sé veitt fullnægjandi aðstoð.	Serbía	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.203.
121.198	Auka aðgerðir til að vernda erlendar konur og konur úr minnihlutahópum gegn kynbundnu ofbeldi og tryggja aðgang þeirra að lagalegri, læknisfræðilegri og sálfélagslegri aðstoð, óháð innflytjendastöðu.	Perú	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.170 og 121.203.
121.199	Gera frekari jákvæðar ráðstafanir varðandi réttindi kvenna, einkum með því að efla getu ríkissaksóknara og lögreglumanna til að rannsaka kynbundið kynferðisofbeldi og samþykkja nýja aðgerðaáætlun gegn kynferðisofbeldi.	Þýskaland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.192. Í gildi er aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota frá árinu 2023. Dómsmálaráðuneytið vinnur nú að eftirfylgni með þeirri aðgerðaáætlun.
121.200	Bæta aðgengi kvenna sem verða fyrir heimilisofbeldi og kynbundnum kynferðisbrotum að réttarkerfinu og tryggja að þolendur geti tilkynnt atvik og kært án þess að óttast neikvæðar afleiðingar ef þeir tapa fyrir dómi.	Finnland	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.192.

121.201	Bæta ráðstafanir til að berjast gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi til að tryggja fullnægjandi rannsókn og saksókn vegna tilkynntra tilfella um misnotkun og brot gegn konum og börnum.	Brasilía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.192.
121.202	Herða viðleitni til að tryggja aukinn aðgang kvenna úr minnihlutahópum og innflytjendakvenna að stuðningsþjónustu vegna kynferðislegs og kynbundins ofbeldis.	Filippseyjar	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.203.
121.203	Styðja aðfluttar konur í ofbeldissamböndum og aðstoða og valdefla þær til að minnka hlutfall aðfluttra kvenna sem leita sér aðstoðar í kvennaathvarfi.	Íran	Unnið er að nýrri áætlun til að framfylgja Ístanbúl-samningnum auk þess sem stjórnvöld hafa styrkt ýmis grasrótarsamtök vegna verkefna sem snúa að valdeflingu erlendra kvenna sem búa við eða eru í hættu á að verða fyrir kynbundnu ofbeldi. Ísland leggur áherslu á að allar konur sem verða fyrir ofbeldi geti leitað sér aðstoðar og telur að hlutfall erlendra kvenna sem leita aðstoðar í Kvennaathvarfi bendi ekki til þess að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi en innlendar. Innlendar konur nýta sér í meira mæli dagþjónustu á meðan erlendar konur nýta sér í meira mæli sólarhringsþjónustu. Skýringin liggi m.a. í að bakland af fjölskyldu innlendra kvenna geri þeim frekar kleift að búa utan athvarfa en erlendum konum. Um 150 konur dvelja í athvörfum árlega og þar af er hlutfall erlendra kvenna sem nýta þjónustuna 30% .
121.204	Halda áfram viðleitni til að koma í veg fyrir og berjast gegn hvers kyns ofbeldi og mismunun gegn	Túnis	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.114, 121.116, 121.164 og 121.192.

	konum og styðja jafnrétti kynjanna.		Samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar (sjá nánar í umfjöllun um tilmæli 121.34) er hvers kyns mismunur á grundvelli kyns óheimil.
121.205	Halda áfram þeirri viðleitni sem þegar hefur verið gerð til að berjast gegn heimilisofbeldi og kynferðisofbeldi í kjölfar framkvæmdar aðgerðaáætlana sem samþykktar voru 2017 og 2019.	Frakkland	Í gildi er aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota sem tók gildi í mars 2023. Dómsmálaráðuneytið vinnur nú að eftirfylgni með þeirri aðgerðaáætlun.
121.206	Tryggja nægilegt fjármagn til rannsóknar og saksóknar kynferðisbrota og heimilisofbeldis svo réttindi kvenna séu tryggð.	Marshall-eyjar	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.192.
121.207	Stórefla viðleitni til að vernda erlendar konur og konur sem tilheyra minnihlutahópum gegn kynferðisofbeldi og mismunur.	Ekvador	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.203.
121.208	Auka viðleitni til að koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum, einkum auka ráðstafanir til að vernda erlendar konur og konur úr minnihlutahópum gegn kynferðislegu ofbeldi, heimilisofbeldi og kynbundnu ofbeldi og kynþáttamismunur.	Chile	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.116, 121.149, 121.192 og 121.203.
121.209	Halda áfram að veita fullnægjandi fyrirbyggjandi ráðstafanir til að berjast gegn ofbeldi gegn konum, svo og stuðning og ráðgjöf, og halda áfram að veita fórnarlömbum, þ. á m. erlendum	Belgía	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.23, 121.128, 121.149, 121.192 og 121.203.

	konum og konum úr minnihlutahópum, aðgang að réttarkerfinu.		
121.210	Gera ráðstafanir til að tryggja vernd og aðstoð í ljósi aukinna tilfella kynbundins ofbeldis meðal farandfólks.	Spánn	Sjá umfjöllun við tilmæli nr. 121.203.
121.211	Halda áfram að tryggja alhliða innleiðingu á samningnum um réttindi barnsins.	Barbados	Frá samþykkt stefnu og aðgerðaráætlunar um barnvænt Ísland árið 2021 hefur markvisst verið unnið að innleiðingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í áætluninni er m.a. kveðið á um mótun heildstæðrar stefnu í málefnum barna, en tillaga til þingsályktunar var lögð fram á Alþingi í apríl 2025. Samhliða vinnu við markvissa innleiðingu barnasáttmálans hér á landi hefur verið lögð áhersla á heildstæða stefnumótun um málefni barna með það að markmiði að tryggja samþættingu og samfellu í veitingu þjónustu. Þá hefur verið stutt við innleiðingu sveitarfélaga á barnasáttmálanum með stuðningi við verkefni UNICEF á Íslandi um barnvæn sveitarfélög, en alls taka 24 sveitarfélög þátt í verkefninu (sem ná til 60% íbúa landsins). Markmiðið er að íslensk stjórnvöld og öll sveitarfélög á Íslandi hafi fyrir 2029 hafið markvissa innleiðingu barnasáttmálans og tileinkað sér barnaréttindanálgun í sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum.
121.212	Tryggja farsæla framkvæmd stefnu og aðgerðaáætlunar um Barnvænt Ísland sem miðar að því að innleiða samninginn um réttindi barnsins.	Úkraína	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.211. Stýrihópur í málefnum barna hefur m.a. það hlutverk að fylgja eftir stefnu og aðgerðaáætlun um barnvænt Ísland. Unnið er að útgáfu lokaskýrslu um framkvæmd aðgerða

			þar sem gildistími stefnunnar var til áramóta og er því liðinn. Meiri hluti aðgerðanna var ýmist lokið eða í farvegi.
121.213	Halda áfram viðleitni til að tryggja að börn komi að ákvörðunum sem varða þau, sérstaklega í forsjármálum.	Búlgaría	Með breytingu á barnalögum sem tóku gildi árið 2022 var réttur barna til þátttöku styrktur. Með breytingunni var nýju ákvæði bætt við lögina sem heimilar barni að hafa frumkvæði að því að sýslumaður boði foreldra til samtals, t.d. um forsjá, búsetu og umgengni.
121.214	Tryggja að öll lögbær þjónusta fyrir börn taki áfram þátt í innleiðingu samþættrar stuðningsþjónustu fyrir börn og að lærdómi sé miðlað.	Belgía	Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, eða farsældarlögin, tóku gildi árið 2022. Frá því að lögina voru samþykkt hefur markvisst verið unnið að innleiðingu þeirra á vegum ríkis og sveitarfélaga um allt land.. Áhersla hefur verið lögð áerlent samstarf og mikill áhugi erlendis að innleiða sambærilega sýn og stefnu og fá kynningu frá íslenskum stjórnvöldum. Skýrsla um stöðu innleiðingar á þriðja ári var birt árið 2024.
121.215	Herða viðleitni til að veita börnum sem verða fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi stuðning, einkum fötluðum börnum, og við að hrinda aðgerðaáætluninni um barnavernd í framkvæmd með skilvirkum hætti.	Taíland	Framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir árin 2023-2027 er fylgt eftir með markvissum hætti. Þar má finna ýmsar aðgerðir sem miða að því að veita börnum sem verða fyrir ofbeldi, þar á meðal fötluðum börnum, viðeigandi stuðning. Þá má nefna að unnið er að heildarendurskoðun barnaverndarlaga. Skýrsla um heilbrigðisþjónustu við börn sem þolendur ofbeldis „Börn eru ekki litlir fullorðnir“ var birt árið 2024, en þar er að finna ýmsar tillögur sem miða að því að tryggja að börn fái viðunandi aðstoð og þjónustu. Öllum tillögnum hefur verið hrint í framkvæmd. Árið 2024 voru kynntar aðgerðir stjórnvalda gegn ofbeldi meðal barna. Með aðgerðunum er ætlunin að sporna við þróun í átt að auknu ofbeldi, auka forvarnarstarf og leiða saman fjölbreytta þjónustu- og viðbragðsaðila.

121.216	Efla viðleitni til að tryggja jöfn tækifæri barna, þ. á m. aðgang að menntun, heilbrigðisþjónustu, réttarkerfinu og fjárhagslegum stuðningi.	Tímor-Leste	Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, sbr. umfjöllun um tilmæli 121.214 miða að því að tryggja að öll börn hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Lögin taka til allrar þjónustu sem er veitt börnum, þ.m.t. innan skólakerfisins og heilbrigðiskerfisins, á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndarþjónustu, þjónustu við fötluð börn og verkefna lögreglu. Áhersla er lögð á að tryggja jafnan aðgang allra barna að heilbrigðisþjónustu við hæfi og er unnið að margvíslegum umbótaverkefnum sem snúa að bið barna eftir heilbrigðisþjónustu, m.a. greiningu þjónustuferla í geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna, þróa og innleiða stafrænar lausnir m.t.t. tilvísana og miðlægra biðlista, sérstaklega í geðheilbrigðisþjónustu og þjónustu talmeinafræðinga, staðla greiningarvinnu og móta skýran vegvísi fyrir börn og foreldra, styrkingu þjónustu hjá Geðheilsumiðstöð barna og Heilsuskóla Landspítala og stefnumótun varðandi skólaheilsugæslu og snemmtæka íhlutun. Ein af grunnstöðunum í fyrstu stefnu um farsæld barna til ársins 2035, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.217, er barnvæn nálgun og þátttaka barna, sem miðar m.a. að því að tryggja að réttarkerfið taki mið af þörfum, skoðunum og hagsmunum barna.
121.217	Styrkja núverandi stefnu og ráðstafanir á landsvísi til að vernda mannréttindi allra barna sem eru í viðkvæmum aðstæðum, þ. á m. barna sem búa við fátækt, og farandbarna og barna sem eru í leit að alþjóðlegri vernd, og að	Úrúgvæ	Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, tóku gildi árið 2022, sbr. umfjöllun um tilmæli 121.214. Í byrjun árs 2025 var lögð fram tillaga til þingsályktunar á Alþingi um fyrstu stefnu um farsæld barna til ársins 2035. Um er að ræða fyrstu heildarstefnu íslenskra stjórnvalda um málefni barna. Samkvæmt drögunum er framtíðarsýn stefnunnar að skapa barnvænt samfélag þar sem réttindi og

	þau fái næg úrræði, og tryggja að þau njóti góðs af alhliða mati á því sem er barni fyrir bestu.		farsæld barna eru í öndvegi. Ein af grunnstoðum stefnunnar er jafnræði allra barna og fjölskyldna þeirra, en tekið er fram að styðja þurfi sérstaklega við viðkvæma hópa barna til þess að tryggja að þau geti notið sömu réttinda og tækifæra og önnur börn. Sérstakur stýrihópur um börn af erlendum uppruna vinnur að því að tryggja réttindi barna í leit að alþjóðlegri vernd og flóttabarna, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.176. Sérstakar verklagsreglur um mat á hagsmunum barna sem sækja um alþjóðlega vernd hafa verið innleiddar hjá Útlendingastofnun og starfsmenn hennar fá þjálfun og reglulega endurmenntun í því að taka viðtöl við börn. Auk þess er í gildi sérgreint verklag vegna fylgdarlausra barna sem unnið var í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu. Árið 2024 gaf mennta- og barnamálaráðuneytið út leiðarvísir um hagsmunamat út frá réttindum barna í allri stefnumótun stjórnvalda. Markmiðið er að stjórnvöld hugi markvisst að því hvaða áhrif ákvarðanir þeirra hafa á börn og réttindi þeirra og hvort og þá með hvaða hætti er nauðsynlegt að bregðast við þeim áhrifum. Hagsmunamatið var útfært í samvinnu við umboðsmann barna og stefnt er að því að innleiða hann í öllum ráðuneytum.
121.218	Gera skilvirkar ráðstafanir til að berjast gegn mismunun gagnvart fötluðu fólki, sérstaklega einstaklingum með Downs-heilkenni.	Íran	Öll mismunun á grundvelli fötlunar er óheimil samkvæmt íslenskum lögum, sbr. umfjöllun við tilmæli 121.23. Alþingi samþykkti árið 2024 landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Áætlunin felur í sér 60 aðgerðir til að koma í framkvæmd ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Landsáætlunin er liður í innleiðingu og lögfestingu samningsins hér á landi.

121.219	Herða ráðstafanir til að berjast gegn og koma í veg fyrir mismunun gagnvart fötluðu fólki.	Malasía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.218.
121.220	Gera tafarlaugar og skilvirkar ráðstafanir til að berjast gegn mismunun gegn fötluðu fólki, einkum einstaklingum með Downs-heilkenni, efla almenna vitundarvakningarherferðir og veita stuðning.	Filippseyjar	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.218.
121.221	Gera frekari ráðstafanir til að taka á atvinnumálum farandfólks með því að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun um fólksflutninga.	Nýja-Sjáland	Ný framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda tók gildi í júní 2022 og gildir til 2025. Birt hafa verið drög að stefnu um málefni innflytjenda, sbr. umfjöllun um tilmæli 121.113. Þá er unnið er að nýrri framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda 2026-2029 þar sem m.a. er gerð tillaga að eflingu almennrar upplýsingaþjónustu fyrir innflytjendur um réttindi sín, þar með talið á vinnumarkaði.
121.222	Styðja og innleiða alþjóðasamþykkt um örugga, skipulagða og reglubundna fólksflutninga.	Indónesía	Ísland samþykkti alþjóðasamþykkt um örugga, skipulagða og reglubundna fólksflutninga árið 2018 og leggur áherslu á að innlend löggjöf varðandi fólksflutninga sé í samræmi við skuldbindingar sáttmálans.
121.223	Tryggja að réttindum flóttamanna, umsækjenda um alþjóðlega vernd og farandfólks sé að fullu framfylgt og samþykkja aðgerðaáætlun stjórnvalda um fólksflutninga.	Finnland	Réttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks eru vel skilgreind og tryggð í íslenskum lögum. Öllum umsækjendum um vernd er tryggt fæði, húsnæði og heilbrigðisþjónusta og börnum tryggt menntun. Að auki er umsækjendum tryggt þjónusta talsmanna vegna málsmeðferðar. Flóttafólki er tryggt félagsleg aðstoð sem er sambærileg við það sem innlendir njóta. Þá eru í gildi sérstakir samningar ríkis og sveitarfélaga sem tryggja flóttafólki viðbótarstuðningsþjónustu fyrstu þrjú ár búsetu sinnar á Íslandi.
121.224	Gera frekari ráðstafanir til að draga úr háu hlutfalli	Írak	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.165.

	atvinnuleysis meðal fólks með innflytjendabakgrunn.		
121.225	Efla viðleitni til að tryggja vernd réttinda farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra.	Nígíría	Í maí 2025 var nýrri samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði komið á fót. Nefndinni er ætlað að gera tillögur að aðgerðum fyrir stjórnvöld og vinna að skýrslugerð um helstu áskoranir tengdum brotum á vinnumarkaði. Í nefndinni sitja fjórir ráðherrar auk aðila vinnumarkaðarins. Nefndin mun sérstaklega skoða stöðu erlendra á vinnumarkaði (migrants in the labour market).
121.226	Gera frekari ráðstafanir til að tryggja vernd viðkvæmustu einstaklinganna, þ. á m. farandkvenna og barna.	Barein	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.176. Samkomulag um samstarf um menntun og móttöku barna af erlendum var undirritað vorið 2024 en það er leitt af mennta- og barnamálaráðuneytinu, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Reykjavíkurborg og þróað í viðtæku samstarfi við sveitarfélög og stofnanir á landsvísu. Markmið þess er að stuðla að inngildingu og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í íslensku samfélagi, koma á samræmdu verklagi um móttöku og menntun á landsvísu í leik-, grunn- og framhaldsskólum og frístundastarfi, ásamt því að þróa og tryggja menntasamfélaginu öfluga ráðgjöf, námsgögn og verkfæri. Verkefnið er liður í menntastefnu til ársins 2030. Þá hafa stjórnvöld styrkt sérstaklega við verkefni hjá félagasamtökum, s.s. Samtökum kvenna af erlendum uppruna (e. The Association of Women of Foreign Origins in Iceland) sem miða sérstaklega að stuðningi og ráðgjöf við erlendar konur.
121.227	Halda áfram viðleitni sem miðar að því að bæta aðlögun	Alsír	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.226.

	farandbarna að innlendu heilbrigðis- og menntakerfi.		
121.228	Gera frekari ráðstafanir sem miða að því að taka á atvinnuleysi meðal farandfólks, sem og að bæta aðgengi barna með innflytjendabakgrunn að framhaldsskólanámi.	Brasílía	Sjá umfjöllun við tilmæli 121.165 og 121.176.
121.229	Tryggja flóttamönnum skjótan aðgang að grunnþjónustu.	Mexíkó	Með samningum við 14 sveitarfélög (sem ná til 85% íbúa landsins) um móttöku flóttafólks er unnið að því að styrkja aðgengi flóttafólks að grunnþjónustu og hjálpa þeim yfir þær hindranir sem kunna að verða á vegi þeirra í fyrstu skrefunum í nýju samfélagi.
121.230	Koma á formlegu fyrirkomulagi til að bera kennsl á og ákvarða ríkisfangsleysi, í samræmi við mannréttindaskýldur og -staðla, og hvetja til endurskoðunar laga um ríkisfang fyrir ríkisfangslaus börn fædd á Íslandi.	Úrúgvæ	Sjá ummæli 121.26. Ríkisfangslaus börn og börn sem hafa hlotið alþjóðlega vernd sem hafa haft fasta búsetu og dvalist hér á landi samfelld í þrjú ár hið minnsta öðlast íslenskan ríkisborgararétt með því að tilkynna Útlendingastofnun þá ósk sína fyrir 21 árs aldur.

Eftirfarandi tilmæli voru ekki samþykkt í þriðju allsherjarúttektinni á stöðu mannréttindamála, en eru til skoðunar hjá íslenskum stjórnvöldum.

Nr.	Tilmæli	Land	Eftirfylgni 2025
121.1 (b)	Stuðla að tafarlausri fullgildingu samnings Alþjóðavinnnumála-stofnunarinnar (nr. 189) frá 2011 um þjónustufólk á heimilum og samning (nr. 190) frá 2019 um aðgerðir gegn ofbeldi og áreitni	Úrúgvæ	Til skoðunar.

121.4 (b)	Fullgilda alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra í því skyni að berjast gegn kerfisbundinni mismunun þau verða fyrir	Bólívarska lýðveldið Venesúela	Til skoðunar.
121.12	Fullgilda alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra	Bangladess, Tyrkland, Fíji, Filippseyjar	Til skoðunar.
121.13	Gerast aðili að alþjóðasamningnum um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra	Aserbaísjan	Til skoðunar.
121.14	Hefjast handa við að fullgilda alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra	Tógó	Til skoðunar.
121.15	Undirrita og fullgilda alþjóðasamninginn um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra	Egyptaland	Til skoðunar.
121.16	Taka til athugunar að gerast aðili að alþjóðasamningnum um vernd réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra	Indónesía	Til skoðunar.
121.17	Fullgilda valfrjálsa bókun við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi	Kýpur, Portúgal, Slóvakía	Til skoðunar.
121.24	Afturkalla alla fyrirvara við alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórn mála leg réttindi	Namibía	Að lokinni skoðun á fyrirvörum Íslands við samninginn voru tveir þeirra dregnir til baka. Annars vegar fyrirvarinn við 10. gr. samningsins um aðskilnað barna og fullorðinna í fangelsum og hins vegar við 7. mgr. 14. gr. samningsins um að enginn skuli þurfa að þola

			það að mál sé rannsakað fyrir dómi eða honum refsað tvisvar fyrir sama brot. Hins vegar hefur verið ákveðið að draga ekki til baka fyrirvara við 1. mgr. 20. gr. um að allur stríðsáróður skuli bannaður og vísast í því sambandi til þeirrar afstöðu sem fram kemur í fyrirvaranum um að ákvæðið geti takmarkað tjáningarfrelsi. Íslensk stjórnvöld telja umræddan fyrirvara samrýmast fullkomlega tilgangi og markmiðum samningsins.
121.25	Fullgilda alþjóðasamninginn um að stöðva og refsa fyrir glæpinn sem felst í kynþáttaðskilnaði (apartheid)	Íslamska lýðveldið Íran	Til skoðunar.
121.162	Gefa út tímabundin atvinnuréttindi fyrir tiltekna tegund vinnu, í stað þess að tengja þau við vinnuveitandann sem gerir viðkomandi starfsmenn berskjaldaðri gagnvart misnotkun og brotum, eins og áður hefur verið mælt til.	Lúxemborg	Markmiðið með að binda útgáfu leyfis fyrir ríkisborgara utan EES við ákveðinn vinnuveitanda er að koma í veg fyrir misnotkun á starfsmönnum. Fyrirtækjum ber skylda að leggja fram upplýsingar um ráðningarkjör og eru ábyrg á þessum forsendum. Þannig má tryggja að farið sé eftir gildandi kjarasamningum og lögum sem gilda á vinnumarkaði.